

Ráðast í verk fyrir fimmtán milljarða

Landsvirkjun og Norðurál hafa komist að samkomulagi um framlengingu á raforkusamningi. Norðurál ræðst í 15 milljarða fjárfestingu. Mun skapa á annað hundrað störf. Álverð hefur hækkað um 80 prósent á rúmlega ári.

thg@frettabladid.is

Landsvirkjun og Norðurál hafa komist að samkomulagi um þriggja ára framlengingu á raforkusöslusamningi sem er í gildi fyrirtækjanna á milli, samkvæmt tilkynningu í gær. Nýr samningur tekur gildi 1. janúar 2023.

Norðurál hyggst í framhaldi af framlengingu samningsins ráðast í byggingu steypuskála við álverði á Grundartanga, sem mun framleiða svokallaða álbolta. Er þar um að ræða fjárfestingu upp á um 15 milljarða króna. Framkvæmdir verða fyrst og fremst á árinu 2024, en þær munu skapa um það bil 100 tímabundin störf. Til framtíðar munu skapast um 40 störf í steypuskála Norðuráls á Grundartanga.

Tveir raforkusamningar eru í gildi milli Landsvirkjunar og Norðuráls. Sá fyrri og stærri var upphaflega gerður árið 1997 og er upp á 161 megavatt. Árið 2016 var samið um framlengingu samningsins til 2023. Þær breytingar á samningnum tóku gildi í nóvember 2019, en þær sneru að raforkuverði og fölust í því að tenging raforkuverðs við álverð var afnumin. Raforkuverðið var í stað þess tengt verði á Nord Pool, raforkumarkaði Norðurlandanna.



Óttar Guðmundsson geðlæknir.

Vill slíta sambandi Íslands við Noreg

UTANRÍKISMÁL Brennandi áhugi geðlæknisins Óttars Guðmundssonar á Sturlungu er nánast þráhyggjukenndur. Hann leiðir þingvallagöngu um Snorra Sturluson í vikunni og ætlar þar að nota tækifærið til þess að ítreka kröfu sína um að Ísland slíti „öllu stjórnmálasambandi og öllum samskiptum við Noreg þangað til þeir biðjast opinberlega afsökunar á morðinu á Snorra Sturlusyni.“ **SJÁ SIÐU 18**



Framlenging samningsins og fyrirhugaðar framkvæmdir Norðuráls munu skapa á annað hundrað starfa.

Nýja framlengingin verður hins vegar aftengd Nord Pool markaðnum, enda hafa verðsveiflur á þeim markaði verið töluvert miklar á undanförunum árum og töluvert meiri en á álmarkaði. Einnig mun selt magn aukast og verða 182 megavött, í stað 161 megavatts. Nýr samningur felur í sér fast verð sem hækkar þó örlítið á ári hverju.

Heimsmarkaðsverð á áli hefur hækkað hratt á undanförunum misserum. Álverð náði einni af sínum dýpstu lægðum í apríl á síðasta ári og hjó nærri 1.400 Bandaríkjadöllum á tonnið. Verðið hefur hins vegar hækkað hratt og stóð í um 2.500 Bandaríkjadöllum á tonnið í gær. Hækkun frá því í apríl í fyrra er því tæplega 80 prósent.

Verð á svokölluðum álboltum hefur hins vegar hækkað meira. Í mars á þessu ári seldust álboltar á Evrópumarkaði á um það bil 300 Bandaríkjadöllum yfir áltönninu. Það álag hefur hins vegar meira en þrefaldast síðan þá og stendur í um 1.000 Bandaríkjadöllum. ■


Ekki línuleg þróun í viðhorfum

JAFNRÉTTISMÁL Rannsókn Andreu Sigrúnar Hjálmsdóttur, lektors í félagsfræði við Háskólann á Akureyri, leiðir í ljós að viðhorf ungmenna á Íslandi gagnvart verkaskiptingu inni á heimilunum virðast verða jafnréttissinnaðri með tímanum.

Þróunin er hins vegar ekki línuleg samkvæmt rannsókninni sem birtist í tímaritinu Adolescents í gær. Hún sýnir að ungmenni tóku íhaldssama dýfu árið 2006 og tengir Andrea hana ríkjandi andrúmslofti hér á árunum fyrir hrun. **SJÁ SIÐU 6**



Andrea Sigrún Hjálmsdóttir, lektor í félagsfræði við HA.



Blíðskaparveður var í Skaftafelli í gær og kældu bæði börn og fullorðnir sig í hylnum undir Þjófafossi í Lambhaga. Ekkert lát er á blíðunni á Suðaustur- og Austurlandi þar sem spáð er allt að 24 stiga hita í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Settu saman þinn ID.4 GTX á www.hekla.is/gtx

Verð frá 7.150.000 kr.



ID.4 GTX

Fullvaxinn fjórhjóladrifinn rafmagnsbíll

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170



Komdu og prófaðu!



Gagnrýnir túlkun á jafnræðisreglu

mhj@frettabladid.is

COVID-19 Arnar Þór Stefánsson hæstaréttarlögmaður telur það ekki rétt metið hjá ríkisstjórninni að það hefði brotið gegn jafnræðisreglu að skikka alla sem eru búsettir á Íslandi í skimun á landamærunum, eins og sóttvarnalæknir mælti með. Það hefði jafnvel verið meira meðalhóf í því að skima bara þá sem eru búsettir á Íslandi fremur en alla sem koma til landsins.



Arnar Þór Stefánsson hæstaréttarlögmaður.

„Það er grunnþáttur í þessari jafnræðisreglu að það má „mismuna“ ef það styðst við málefnaleg rök. Mér finnst það alveg styðjast við málefnaleg rök að Íslendingar, eða réttara sagt þeir sem eru búsettir á Íslandi, þurfi að sæta skimun í Leifstöð eða framvísa PCR-prófi,“ segir Arnar Þór.

Hann segir greinarmun leyfilegan ef hann er málefnalegur: „Það má alveg gera greinarmun á hópum fólks ef það byggir á málefnalegum rökum og málefnalegu rökun eru að Íslendingar eru líklegri til að fara inn í tengslanetið sitt.“ ■

Enn í fullu fjöri eftir fjóra mánuði



Fjórir mánuðir er liðin frá því að eldgos hófst í Geldingadöllum. Virkni gossins hefur verið kaflaskipt síðustu daga. Vísindamenn mæla nú kvikustrókvirkni gossins og eðli og vöxt hraunsins. Skyggni hefur verið lélegt undanfarið en hægt var að fara í þyrflug í fyrsta skipti í þrjár vikur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ÍA fær vinnveitingaleyfi fyrir Aggapall

hjoarvaro@frettabladid.is

AKRANES Bæjarráð Akraness samþykkti á fundi sínum í síðustu viku að heimila veitingu vinnveitingaleyfis til Knattspyrnufélagsins ÍA en Skagamenn hyggjast opna lítið og settlegt kaffihús við Aggapall.

Aggapallur er rólegur og þægilegur staður við Langasand en þar er leikstaður fyrir krakka og sólbaðsstaður. Bæjarráð leggur áherslu á að ÍA gæti vel að því að tryggja ásettlega umgjörð rekstrarins með tilliti til þeirrar starfsemi sem fer fram í íþróttamannvirkjum Akraness.

Til þess að kaffihúsið geti orðið að veruleika þarf Sýslumaðurinn á Vesturlandi að veita heimild til reksturs veitingastaðar á svæðinu en umsókn þess efnis liggur fyrir hjá embættinu.

„Planíð er að vera með kaffihús með ýmiss konar veitingum og hafa opið yfir sumartímann. Við höfum verið með veitingasölu þarna í kringum leiki ÍA og viljum fá að



Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KFÍA.

hafa opið lengur en bara í kringum leikina,“ segir Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KFÍA.

„Við erum með afmarkaðan opnunartíma og ætlum bara að selja það helsta sem gestir og gangandi við Aggapall geta gætt sér á þegar þeir njóta útverunnar þar. Þetta er vinsæll staður sem Skagamenn nota í kringum starfsemi ÍA og bara á góðviðrisdögum,“ segir Geir enn fremur.

Í umsókn Skagamanna til Sýslumanns er þess óskað að kaffihúsið megi vera opið frá 12.00 til 22.00 virka daga og 09.00 til 23.00 aðfaranótt frídaga og að heimilt verði að taka við 50 gestum í sæti. ■

Elísabet hljóp Laugavegin enn með barn sitt á brjósti

Elísabet Margeirsdóttir afrekshlaupari kom sjálfri sér á óvart með góðum árangri í Laugavegshlaupinu aðeins fimm mánuðum eftir að hafa eignast barn.

svavamarin@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR „Allan tíma sem ég fæ fyrir sjálfa mig er ég búin að nota síðustu fjóra eða fimm mánuði í æfingar,“ segir Elísabet Margeirsdóttir sem tók þátt í Laugavegshlaupinu um helgina, aðeins fimm mánuðum eftir barnsburð.

Laugavegshlaupið er 55 kílómetrar og Elísabet kom fjórða í mark í kvennaflokki á fimm klukkustundum og 48 mínútum. „Að fara í þetta hlaup var gríðarleg áskorun svona stuttu eftir fæðingu,“ segir hún. Sigurvegari í hlaupinu varð Andrea Kolbeinsdóttir sem hljóp á fjórum klukkustundum og tæpum 56 mínútum.

Elísabet er þrautreynd afrekona í hlaupum og hefur stundað utanvegahlaup í meira en áratug. Hún og kærasti hennar Páll Ólafsson eignuðust dreng í febrúar sem er nú orðinn fimm mánaða. Það er ekki algengt að konur með lítið barn á brjósti taki þátt í svona löngu hlaupi en Elísabet hélt sér í góðu formi á meðgöngunni sem hún segir hafa vera dásamlega.

Sjálf segir Elísabet engan hetjuskap á bak við þennan árangur. „Ég er búin að stunda þetta lengi en það var mögnuð tilfinning að koma í mark á þessum tíma og kom mér og mörgum á óvart,“ segir hlauparinn og undirstrikar að hún hafi notið góðrar aðstoðar þjálfara og sjúkráþjálfara við undirbúninginn. „Dómgreind manns er ekki alltaf sú besta þegar það kemur að manni sjálfum og þá er gott að hafa þjálfara.“



„Að fara í þetta hlaup var gríðarleg áskorun svona stuttu eftir fæðingu,“ segir Elísabet Margeirsdóttir, sem er hér með Margeir litla. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Laugavegshlaupið 2021 – úrslit í kvennaflokki

1. Andrea Kolbeinsdóttir 04:55:49
2. Rannveig Oddsdóttir 05:09:55
3. Íris Anna Skúladóttir 05:20:20
4. Elísabet Margeirsdóttir 05:48:16

Elísabet segist hafa hlaupið Laugavegin í alls kyns aðstæðum. Var þetta tólfta skiptið sem hún tók þátt. Hún kveðst nú stefna á þátttöku í OCC-keppninni í Frakklandi í lok ágúst þar sem hlaupið er við Mont Blanc. Þá hyggst hún einnig verða á heimsmeistaramótinu í Tailandi í nóvember. Covid setji þó líklega strik í þann reikning.

„Það er frekar ólíklegt að sú keppni verði haldin og svo er ég náttúrulega með ungbarn. Þetta

verður örugglega ekkert voðalega auðvelt ferðalag fyrir mig,“ játar Elísabet varðandi hugsanlega Tailandsför.

Síðustu fimm ár hefur Elísabet, sem einn af eigendum Náttúruhlaupa, leiðbeint og þjálfað aðra hlaupara. Hún segir hugarfarið skipta miklu máli. „Áskorunin nuna fólst til dæmis í því að nýta lausu stundirnar í hlaupin frekar en annað. Maður þarf að velja og hafna.“

Þú getur verið lengi að ná þér eftir fæðingu þrátt fyrir að vera góður hlaupari. Það getur tekið grindarbotninn sex til tólf mánuði að jafna sig og ég þurfti að æfa með það í huga,“ segir Elísabet sem kveðst hafa farið rólega af stað og hlustað á líkamann.

„Ég var ekki að setja miklar kröfur á mig fyrir þetta hlaup enda byrjaði ég aðeins að æfa reglulega fyrir tveimur mánuðum. Það kom mér því á óvart að að ná þessu á undir sex klukkustundum.“ ■



Ferskur fiskur og fiskréttir, lax á grillið og humarsúpan í hádegjunu.

Sjávarhornið - fiskverslun, Bergstaðarstræti 14



TRAUSTUR VINNUFÉLAGI Í ÖLL VERK


TOYOTA PROACE CITY



Toyota Proace City er harðjagl með góða dráttargetu (allt að 1,5 tonn) og mikið burðarþol (allt að 1 tonn). Hann er lipur í akstri, athafnar sig vel í þröngum götum og bílastæði eru ekki vandamál. Proace City er fánlegur í nokkrum útfærslum sem henta bæði fyrirtækjum og stærri fjölskyldum.

Proace City kemur með 7 ára (3+4) ábyrgð og honum fylgir 3 ára þjónusta. Skoðaðu nánar á toyota.is

Verð með vsk. frá: 4.290.000 kr.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð. Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingum ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Óvissan verri en ákvörðunin um framvísun neikvæðs prófs

hjarvaro@frettabladid.is

COVID-19 „Við erum ekki að finna fyrir því að okkar viðskiptavinir sem eru staddir erlendis séu óánægðir með þá ákvörðun sem tilkynnt var um í gær. Það sem er verst eru dagarnir þar sem óvissa er um hvort herða eigi aðgerðir eður ei,“ segir Þórunn Reynisdóttir, forstjóri Úrvals Útsýnar, um hertar reglur á landamærum sem taka eiga gildi í næstu viku.

Þær reglur kveða á um að bólu-settir einstaklingar sem koma hingað til lands þurfi að framvísa gildu neikvæðu PCR-prófi við komuna til landsins.

Fólk getur annaðhvort framvísað PCR-prófi eða hraðprófi og taka nýju reglurnar gildi 26. júlí, á mánudag í næstu viku. Covid-prófin mega ekki vera eldri en 72 tíma gömul.

„Við finnum alveg mælanlegan mun á bókunum hjá okkur á meðan

óvissa ríkir um takmarkanir annars vegar og eftir að ákvarðanir liggja fyrir hins vegar. Bókanir í ferðir tóku til að mynda mikinn kipp eftir að ákvörðunin lá fyrir í gær. Það er óvissan sem er okkar verst óvinur,“ segir Þórunn.

Sömu reglur verða áfram í gildi um óbólusetta, það er að þeir þurfa að fara í skimun á flugvelli, í fimm daga sóttkví og svo í skimun.

Enn fremur verður mælst til þess, það verður ekki skylta, að þeir sem



Hertar aðgerðir fæla ekki ferðabýrsta Íslendinga frá plönnum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

eru með tengslanet hér á landi fari í skimun innan sólarhrings frá komu til landsins.

„Við hjá Úrval Útsýn munum í framhaldinu kynna þær reglur sem taka gildi í næstu viku vel fyrir þeim sem bóka ferðir hjá okkur. Svo er það bara eins og áður að við brýnum fyrir þeim sem ferðast á okkar vegum að fara varlega og gæta að persónubundnum sóttvörnum,“ segir forstjórinn um framhaldið. ■



Barentshafsporskurinn er smærri þetta árið en vaninn er.

Döpur veiði í Barentshafi

thg@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Aflabroð í Barentshafinu hafa verið undir væntingum þetta sumarið, að því er kom fram á vefsíðu Síldarvinnslunnar í gær. Rætt er við Bjarna Ólaf Hjalmarsson, skipstjóra frystitogarans Blængs NK, er skipið sneri til baka úr 40 daga veiðiferð í Barentshafið síðustu helgi.

„Fiskgengd í Barentshafinu virðist einfaldlega vera mun minni en hefur verið á þessum árstíma undanfarin ár. Eins er fiskurinn sem veiðist mun smærri en áður,“ er haft eftir Bjarna Ólafi. Íslensk skip sækja fyrst og fremst þorsk í Barentshafið.

Aflaverðmætið í veiðiferð Blængs í Barentshafið var 256 milljónir, en á síðustu árum er algengt að slíkir túrar hafi skilað yfir 400 milljónum. ■

Smit munu ekki stöðva Þjóðhátíð

mhj@frettabladid.is

VESTMANNNAEYJAR Þjóðhátíðarnefnd hefur ekki áhyggjur af því að faraldurinn eyðileggi Þjóðhátíð. Nefndin er undir allt búin, einnig möguleg smit meðal gesta.

Nefndin fundaði síðast með þar til bærum yfirvöldum í gær og Hörður Orri Grettisson, formaður nefndarinnar, segir hana undir allt búna. ■

Íbúar segja hættuástand yfirvofandi

Sérfræðingur hjá Veðurstofnunni hafði sagt mikla hættu til staðar í Varmahlíð áður en aurskriðan féll þar fyrir þremur vikum, segja íbúar sem telja „yfirvofandi hættuástand“ vera á svæðinu. Formaður byggðarráðs segir skriðuna hafa komið öllum á óvart.

VARMAHLÍÐ „Nokkrir íbúar hafa ítrekað verið í sambandi við starfsmenn sveitarfélagsins vegna ástandsins, en lítil viðbrögð fengid,“ segir í bréfi íbúa níu húsa í Varmahlíð þar sem aurskriða féll 29. júní síðastliðinn.

Aurskriðan olli talsverðu tjóni og var ráðist í aðgerðir til að koma í veg fyrir vatnsaga í hlíðinni þar sem skriðan féll. „Íbúar Varmahlíðar eru afar slegnir yfir þessum atburðum, ekki síst vegna þess að búið er að benda á að ástand jarðvegs og vatns mála á svæðinu hefur ekki verið í lagi mánuðum saman,“ segir í bréfi íbúanna sem skrifað er til sveitarstjórnar Skagafjarðar.

Segjast íbúarnir vilja að sveitarstjórnin komi til fundar við þá „vegna þess neyðarástands sem ríkir í norðurhluta Varmahlíðar“.

Gefið er til kynna í bréfi íbúanna að aurskriðan hefði ekki átt að koma mönnum í opna skjöldu. Þannig hafi sérfræðingur frá Veðurstofnu Íslands „talið mikla hættu til staðar“, eins og segir í bréfinu. Með því fylgir afrit af samskiptum þessa starfsmanns Veðurstofunnar við sveitarfélagið.

„Íbúar líta svo á að um yfirvofandi hættuástand sé að ræða, þó búið sé beisla eitthvað af vatninu á svæðinu. Ljóst er að enn er mikill vatnsagi víða í umhverfinu og óvissa um hvaða aðgerða þarf og á að grípa til, svo tryggja megi öryggi



Á Laugavegi er gatan farin að síga verulega ofan Laugahlíðar við Sauðárkróksbraut, segja íbúar í Varmahlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Allt er þetta gert í samráði við sérfræðinga sem meta áhættu og slíkt og auðvitað kom þetta öllum á óvart.



Gisli Sigurðsson, formaður byggðarráðs Skagafjarðar.

íbúa og fyrirbyggja frekara tjón, svo ekki sé talað um slys á fólki,“ segir í bréfi íbúanna. Gera þurfi nákvæmar jarðvegsrannsóknir og kortleggja hættur sem kunnir að „ögná mannvirkjum og setja um leið líf íbúa í hættu“.

Byggðarráð Skagafjarðar tók bréf íbúanna fyrir í síðustu viku og ákvað að haldinn yrði fundur með þeim í þessari viku en af honum verður þó ekki fyrr en í fyrsta lagi í næstu viku.

„Það er enn verið að vinna úr gögnum í málinu og ekki vit í að vera með fund nema vera með almennilegar upplýsingar,“ segir Gisli Sigurðsson, formaður byggðarráðs, sem tekur ekki undir að sveitarfélagið hafi flotið sofandi að feigðarósi.

„Allt er þetta gert í samráði við sérfræðinga sem meta áhættu og slíkt og auðvitað kom þetta öllum á óvart. Það er verið að reyna að beisla þetta jarðvegsvatn sem er þarna og

menn eru lítið farnir að geta horft á uppbygginguna,“ segir Gísli.

Segjast íbúarnir vilja vita hvaða áætlun sveitarfélagið hafi til að bregðast við því neyðarástandi sem sé uppi. „Það hlýtur að vera forgangsverkefni hvers sveitarfélags að tryggja öryggi íbúa sinna.“

Samkvæmt fyrrgreindum samskiptum starfsmanns Veðurstofunnar við sveitarfélagið er ástandið enn varhugavert. Myndast hafi um eins metra hátt jarðvegs-brotstál, sem muni ekki geta staðið þannig lengi.

„Bakkinn fyrir ofan mun því síga fram þar til halli brekkunnar hefur náð jafnvægi á nýjan leik,“ segir í tölvuskeyti sérfræðingsins. „Líklegast finnst mér að þetta gerist fremur hægt og rólega en mikill vatnagangur gæti þó hraðað ferlinu mjög og þetta fallið fram í einni skyndingu.“ ■

ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500

VERÐ FRÁ 7.421.210 KR. ÁN VSK.
9.202.300 KR. M/VSK.

BREYTINGAVERKSTÆÐI ÍSBAND, SMÍÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGAPAKKA

BÍLL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU



Way of Life!

SUZUKI JIMNY ALVÖRU JEPPI



Það er fernt sem skilgreinir Jimny sem ekta jeppa:

- Sterkbyggð grind
- Mikil veghæð
- Heilar hásingar með gormafjöðrun
- Fjór hjóladrif með lágu drifi

VERÐ FRÁ KR.

4.290.000

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvelli: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.



● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



Suzuki á Íslandi

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Heimila lóðir fyrir fjórtán sumarhús á eyðijörðinni Dröngum

gar@frettabladid.is

ÁRNESHREPPUR Breytingar á aðal- skipulagi og deiliskipulagi opna fyrir sumarhús á fjórtán nýjum lóðum á eyðijörðinni Dröngum í Árneshreppi.

Í umfjöllun hreppsnefndar Árneshrepps segir að Náttúrufræðistofnun telji þetta fela í sér umfangsmikla breytingu á landnotkun.

„Þessu mun fylgja töluverð ásynðarbreyting og aukin umsvif sem geta falið í sér hættu á raski og mengunaróhöppum. Að mati stofnunarinnar hefði mátt stíga varfærni skref, til dæmis með því að leyfa færri hús til að byrja með þar sem lítið er um mannvirki á svæðinu í dag,“ er vitnað til sjónarmiða Náttúrufræðistofnunar í fundargerð sveitarstjórnar.



Drangar í Árneshreppi.

Hreppsnefndin segir hins vegar að svæðið sé skilgreint fyrir frístundabyggð. „Auk þess veur nefndin athygli á því að við hönnun byggðarinnar var leitast við að halda áhrifum á ásynð í lágmarki og þá metur nefndin að lítil hætta sé á raski og mengunaróhöppum með tilliti til þess að umferð ökutækja verður mjög takmörkuð,“ segir hreppsnefndin.

Þá segja heimamenn uppbygginguna dreifast yfir margra ára tímabil. Ein lóðin er umhverfis súrheysturn sem breyta á í frístundahús. „Einnig er gert ráð fyrir að endurbýggja gömlu fjárhúsin í upp- runalegri mynd og nýta þau sem sameiginlegt gistirými og samkomustað. Auk þess er gert ráð fyrir að endurbýggja og lagfæra hesthús og skemmu.“ ■



Bærinn Bromme í Hollandi er illa farinn eftir flóðin. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Varnir Hollands stóðust raunina

thorgrimur@frettabladid.is

HOLLAND Að minnsta kosti 195 hafa látist í hamfarafloðum í Vestur-Evrópu undanfarna viku. Hollendingar hafa sloppið betur en nágrannaríkin og hafa engin dauðsföll vegna flóða verið tilkynnt þar.

„Við sáum bylgjuna betur fyrir og hvert hún stefndi,“ sagði Jeroen Aerts, sérfræðingur við Fríháskólann í Amsterdam, í viðtali við CNN en vatnsvarnir Hollands þykja með þeim bestu í heimi.

Jeff Da Costa, vatnsveðurfræðingur við Háskólann í Reading, segir viðbrögðin í Þýskalandi hafa einkennst af skipulagsleysi og fálæti gagnvart viðvörðunum. Viðbúnaður Hollendinga kunni að reynast öðrum löndum fyrirmynd á komandi árum þar sem hamfarir vegna úrkomu muni aukast á næstu árum sökum loftslagsbreytinga. ■

Ariel Henry tekur við stjórn á Haítí

thorgrimur@frettabladid.is

HAÍTÍ Claude Joseph, starfandi forsætisráðherra Haítí mun vika úr embætti fyrir Ariel Henry, sem hafði verið útnefndur forsætisráðherra af Jovenel Moïse forseta tveimur dögum áður en hann var myrtur.

Joseph varð starfandi forseti Haítí eftir morðið á Moïse 8. júlí. ■

Jafnréttisviðhorf tóku dýfu fyrir hrun

Íslenskir unglingar verða jafnréttissinnaðri með ári hverju hvað varðar verkaskiptingu á heimilum. Árið 2006 sker sig þó úr þegar bakslag varð.

urduryrr@frettabladid.is

JAFNRÉTTISMÁL Viðhorf ungmenna á Íslandi gagnvart verkaskiptingu inni á heimilunum virðast verða jafnréttissinnaðri með tímanum en þróunin er ekki línuleg, samkvæmt Andreu Sigrúnu Hjálmsdóttur, lektor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri.

Andrea vann rannsókn ásamt Einari Baldvini Þorsteinssyni, dós- ent í sálfræði, og Þóroddi Bjarnasyni, prófessor í félagsfræði, sem birtist í gær í tímaritinu Adolescents. Í rannsókninni eru borin saman gögn um viðhorf tíundu bekkinga frá árunum 1992, 2006 og 2014.

Andrea segir niðurstöður á svipuðu róli árin 1992 og 2014 en árið 2006 skar sig úr. Þá voru viðhorf íhaldssamari og fleirum fannst til dæmis að konur ættu að sjá um hefðbundin heimilisstörf eins og að þvo þvott og þrifa.

Þótt ekki sé hægt að staðhæfa neitt telur Andrea ekki ólíklegt að viðhorf krakkanna endurspegli að einhverju leyti þær fyrirmyndir sem þeir hafa á heimilum sínum. Þá telur hún líklegt að bakslagid tengist stemningunni á Íslandi stuttu fyrir hrun. „Það var gríðarleg áhersla á samkeppnisumhverfi og einstaklingshyggju en minni á sameiginlega baráttu,“ segir hún. Stemningin sem skapaðist á þessum tíma í samfélaginu hefur að hennar sögn smitað frá sér í alla kima en eftir hrun hafi það breyst og meira pláss hafi þá skapað fyrir sameiginlega baráttu.

Þá segir hún að eitt af því sem hafi komið fram í rannsókninni sé að stelpur hafi á öllum tímabilunum haft jafnréttissinnaðri viðhorf en




Skoðuð voru viðhorf 10. bekkinga frá 1992, 2006 og 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þróun á viðhorfum til verkaskiptingar á heimilum


Spurt var hver ætti að sjá um tiltekin verk, þegar bæði kynin eru útvinandi.

■ Stelpur ■ Strákar

Þvo þvott



Fjármál heimilisins



Andrea Sigrún Hjálmsdóttir, lektor við hug- og félags- vísindasvið Háskólans á Akureyri.

strákarnir og svari oftast að hjón eigi að skipta með sér verkum. „Það er í samræmi við erlendar rannsóknir að stelpur eru almennt jafnréttissinnaðri en strákar,“ segir Andrea.

Nýrri tölur eru ekki aðgengilegar ennþá en Andrea vonast til að geta borið þær saman við rannsóknina þegar að því kemur. „Núna er rosa margt að gerast í samfélaginu, eins og MeToo til dæmis, sem er ekki ósennilegt að muni hafa heilmikil áhrif,“ segir Andrea. Hún er bjartsýn á að byltingar síðustu mánaða og ára leiði af sér enn sterkari kröfu um aukid jafnrétti.

Nú þegar hafi miklar framfarir orðið í jafnréttisbaráttunni en áherslan sé mest á opinbera rýmið og heimilið hafi oft gleymst, sérstaklega hefðbundin heimilisverk. Þó sé áberandi að karlar hafa verið að koma sterkir inn hvað varðar uppeldi barna.

„Svo má ekki gleyma því að jafnrétti er ekki línuleg þróun heldur þarf alltaf að halda baráttunni lifandi,“ segir Andrea.

Unnið var með gögn úr rannsókn sem heitir Heilsa og lífskjör skólánemenda. Viðhorfin virtust ekki hafa breyst mikið á árunum 1992 til 2014. Á niðurstöðunum má sjá að krakkarnir tengdu það að þvo þvott, elda mat, þrifa og kaupa í matinn mest við konur.

Það að huga að litlum börnum á nóttunni, fara á foreldrafundi og vaska upp var tengt við bæði kynin nokkuð jafnt en þó aðeins meira við konur. Að huga að fjármálum og gera við hús og bíla var í mun meiri mæli tengt við karla. ■

APÓTEK LYFSALANS



Glæsibær



Vesturlandsvegur



Urðarhvarf

LYFSALINN GLÆSIBÆ
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI
LYFSALINN URÐARHVARFI

Opið 8.30 - 18.00
Opið 9.00 - 22.00
Opið 9.00 - 17.30

Sími 517 5500 / glaesibaer@lyfsalinn.is
Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is
Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is

WIZAR

20% AFSLÁTTUR



Verð frá

167.920 kr.

Verð áður 209.900 kr.

Gildir aðeins meðan birgðir endast.

**Wizar hægindastóllinn sem Íslendingar elska.
Wizar fyrir lífsins ljúfu stundir.**

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Fögnum fjölmenningu



Björk Eidsdóttir
bjork@frettabladid.is

Á fimmtudaginn kemur, þann 21. júlí, eru liðin tíu ár frá því að öfgamaðurinn Anders Behring Breivik myrti með köldu blóði sjötíu og sjö manns í miðbæ Oslóar og á sumardvalarstað ungliðahreyfingar norska Verkamannaflokksins á eyjunni Útey. Á eyjunni skaut hann til bana sextíu og níu ungmenni sem þar skemmtu sér áhyggjulaus og særði hundrað fimmtíu og átta til viðbótar.

Í viðtali í helgarblaði Fréttablaðsins um liðna helgi var rætt við Aud Lise Norheim, sendiherra Noregs á Íslandi, um tímamótin og hvernig þjóðin hafi unnið úr þeim gríðarlegu sárum sem hryðjuverkin ollu.

Jens Stoltenberg, þáverandi formaður Verkamannaflokksins og forsætisráðherra landsins, lagði í kjölfar voðaverkanna mikla áherslu á að hatrið fengi ekki að sigra og segir Aud Lise ástina hafa verið allsráðandi dagana og vikurnar eftir árásirnar. En svo hafi tónninn því miður breyst og jafnvel mátt heyra ásakanir um að Verkamannaflokkurinn, og sérlega ungliðahreyfingin, væri að nota harmleikinn sér til pólitískis framdráttar, til að afla sér stuðnings.

Hún segir að nú, að áratugi liðnum, eigi sér stað nauðsynlegt uppgjör, samtal sem fyrst nú sé hægt að eiga. Norðmenn tóku aðdáunarlega vel á þessum harmleik og gáfu Breivik enga rödd eða pláss og mættu hatrinu með ást. En nú tíu árum síðar getum við kannski leyft okkur að reyna að skilja þennan hryllilega glæp.


Breivik er hægri kristinn öfgamaður og það var hatur hans á fjölmenningu sem rak hann áfram. Fjölmennig! Við, rétt eins og aðrir íbúar heimsins, búum við fjölmenningu og hún er enginn valkostur. Hver væri annars sá valkostur? Fámennig, einmennig eða ómennig? Og hvernig getur það gerst að einhver komist að þeirri niðurstöðu að með því að fremja jafnhryllilegan glæp og morðin í Útey voru, færast samfélag hans nær því undarlega markmiði að færast fjær fjölmenningu?

Við verðum að horfast í augu við að glæpamaðurinn Breivik spratt úr samfélagi eins og okkar. Við verðum að horfast í augu við það að hér í okkar samfélagi þrífst líka hatur í garð þeirra sem ekki falla inn í þrönga skilgreiningu sumra á einsleitu samfélagi. Öfgarnar þrífast hér líka. Yfirgnæfandi meirihluti Íslendinga vill þó opið og frjálst samfélag. Og flestum okkar finnst sjálfsagt að okkur sé tekið vel hvert sem við ferðumst eða flytjum. Þessi lífsgæði og þetta frelsi sem við teljum sjálfsögð verða ekki fengin nema með opnu samfélagi. Frelsið er ekki einhliða. Fjölmenningin er þess vegna bein afleiðing af þessu frelsi.

Þó svo að það hafi klárlega verið rétt afstaða að veita hryðjuverkamanninum og fjöldamorðingjanum sem minnsta mögulega athygli þá megum við ekki gleyma hvaðan hann kom og hvaða hugmyndir drifu hann áfram. Við verðum að halda samtalinu lifandi og við verðum að halda augunum opnum og gæta þess að slíkar hugmyndir fái sem allra minnsta næringu.

Fögnum fjölmenningu! ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Hákarl í lóninu

Eigendur Sky Lagoon tróðu marvaðann með nokkuð fyrir-sjáanlegum bægslagangi um helgina en römbuðu loks á réttu björgunarsundtökin með yfirlýsingu um að ekki verði lengur gerður greinarmunur á sundfötum karla og kvenna. Konur megi því vera berar að ofan í lóninu. Varla þarf mjög sterk sundgleraugu til þess að sjá hversu augljósa mismunun hitt felur í sér og hjá þjóð sem tekur á móti erlendu ferðafólki með því að reyna að troða ofan í það úldnum hákarli með slurk af brennivíni heldur auðvitað engu vatni að banna ber bjóst af tillitsemi við gesti frá öðrum menningarheimum.

Kúbudeila Sósíalista

Ástandið á Kúbu hefur verið í brennidepli í Facebook-hópi Sósíalistaflokksins þar sem málshéjandinn, Gunnar Smári Egilsson, lýsti því yfir að Sósíalistar hlytu að styðja kröfur almennings um lækkun matarverðs og betri heilbrigðisþjónustu. Deildar meiningar eru innan hópsins og í samtali við Fréttablaðið.is í gær sagðist Gunnar Smári ekki „kalla þetta gáfulegustu umræðuna um Kúbu sem hefur verið til í heiminum en fólk bregst bara við með ýmsum hætti, eins og oft gerist í flóknum málum.“ ■

Ekkert gerist í íhaldi



Geir Finnsson varaborgarfulltrúi og formaður innanríkismálanefndar Viðreisnar.



Breytingar standa gegn íhaldssömum gildum, enda er þægilegra að rugga ekki bátunum heldur tryggja frekar stöðugleika með kyrrstöðu.

Alþingiskosningar eru handan við hornið. Skoðanakkannanir benda til þess að enginn hafi skýrt umboð kjósenda til þess að taka við stjórnartaumunum. Því skiptir hver einasta prósentu öllu máli upp á það hverjir mynda meirihluta og móta þannig farveg Íslands næstu fjögur árin.

Undanfarin kjörtímabil hafa gert það að verkum að hugmyndin um vinstri og hægri skiptir minna máli en nokkru sinni fyrr. Þess í stað má greina flokka í sundur eftir því hversu frjálslýndir þeir eru annars vegar og svo hversu íhaldssamir þeir eru hins vegar. Frjálslýndið virðist vera eftirsóknarvert í ljósi þess að nær allir flokkar reyna að eigna sér þann stimpil. Engu að síður treysta ekki allir flokkar neytendum til að velja sjálfir hvað þeir kaupa í matvöruverslunum, hvernig þeir ferðast á milli staða eða einfaldlega hvernig og hversu lengi þeir skemmta sér. Þá eru allnokkrir flokkar sem kjósa frekar áframhaldandi stríð við fíkniefni þrátt fyrir að það stríð sé ósigrandi. Í raun uppfylla ekki margir flokkar skilyrði frjálslýndis.

Breytingar standa gegn íhaldssömum gildum, enda er þægilegra að rugga ekki bátunum heldur tryggja frekar stöðugleika með kyrrstöðu. Það var á þessum forsendum sem núverandi ríkisstjórn var mynduð. Þótt ríkisstjórnarflokkarnir séu á öndverðum meidi á mælikvarða hægri og vinstri hefur það skipt sáralitlu því þeir ná allir saman um íhaldssemi: Að hrófla ekki við kerfinu að neinu leyti. Slík hefur verið raunin í bráðum fjögur ár. Kyrrstaðan hefur ekkert gert til að gera lífið frjálrsara, réttlátara og einfaldara.

Einn flokkur hefur mælst hæstur allra í kosningavitum þegar kemur að frjálslýndi og auk þess talað fyrir margvíslegum frelsismálum á yfirstandandi kjörtímabili. Sá flokkur er Viðreisn. Miðað við skoðanakkannanir skiptir hvert einasta atkvæði máli upp á það hvort Viðreisn takist að mynda meirihluta um frjálslýndi, framfarir og mannúð án forræðishyggju frekar en áframhaldandi stöðnun. Í haust getur þú haft áhrif á það með atkvæði þínu. ■

”
Við verðum að horfast í augu við að glæpamaðurinn Breivik spratt úr samfélagi eins og okkar.

HVAÐ ER PLANIÐ?

Kíktu á blaðsíðu 13!

Ríkisstjórnin stefnir velferð barna í tvísýnu



Ellen Calmon
borgarfulltrúi
Samfylkingar-
innar og
frambjóðandi
á lista
Samfylkingar-
innar í
Reykjavíkurb-
kjördæmi suður.

unglingageðdeildar Landspítala (BUGL) og 208 börn á biðlista hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Í skýrslunni stendur: „Að mati Ríkisendurskoðunar er sá langi biðtími sem einkennt hefur geðheilbrigðisþjónustu barna og unglunga óviðunandi. Auk þess að ganga gegn lögbundnum skyldum ríkisins stefnir þessi bið bæði langtímahagsmunum þess og velferð einstaklinga í tvísýnu.“

Biðlistastjórn barnanna 2021
Árið er 2021 og biðlistinn hefur bara lengst þrátt fyrir alvarlegar athugasemdir Ríkisendurskoðunar. Núna í júlí eru um 750 börn á biðlista hjá Þroska- og hegðunarstöð, í mars var 131 barn á biðlista hjá BUGL, í janúar voru 343 börn á biðlista hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og allt að tveggja ára bið eftir þjónustu. Samkvæmt þeim upplýsingum

sem ég hef fengið í samtölum við fagfólk þá má gera ráð fyrir að biðlistar hjá bæði BUGL og Greiningar- og ráðgjafarstöðinni telji nú fleiri börn um miðsumar en þau voru á fyrsta ársfjórðungi þessa árs.

Því ætti öllum að vera ljóst að núverandi ríkisstjórn er hvorki að fara eftir lögum í landinu, Barnasáttmálanum, né hefur hún brugðist við alvarlegum athugasemdum Ríkisendurskoðunar frá árinu 2015.

Fjárfestum í börnunum
Það er rándýrt fyrir samfélagið að hafa börn á biðlistum. Það kostar okkur fjárhagslega, tilfinningalega, félagslega, samfélagslega, það kostar okkur lífsgæði og vinnuafli. Ríkið ber höfuðábyrgð á heilbrigðisþjónustu við börn. Biðlistastjórn barnanna þarf burt. Ég vil forgangsraða fjárfestingartækifærunum og tryggja fjárfestingu í börnunum. ■

Fjöldi barna á biðlistum Þroska- og hegðunarstöðvar, Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og Barna- og unglíngageðdeildar (BUGL) hefur margfaldast síðastliðin ár. Um er að ræða grunngeðheilbrigðisþjónustu og bráðageðheilbrigðisþjónustu, þjónustu við börn sem eru alvarlega veik. Núverandi ríkisstjórn hefur brugðist þessum börnum og fjölskyldum þeirra.

Þungbærar og langvarandi afleiðingar

Ef grunngeðheilbrigðisþjónusta er ekki tryggð þá eykst vandinn, börnin verða alvarlega veik og þurfa þá eðli málsins samkvæmt á brýnni, meiri og mörg hver á langvarandi þjónustu að halda. Börn sem ekki njóta þjónustu strax eiga meiri hættu á að lenda í vanvirkni sem getur fylgt þeim inn í unglingsárin, jafnvel fullorðinsárin og getur leitt til örorku. Það er því gríðarlega mikilvægt að heilbrigðiskerfið grípi þau sem fyrst og veiti viðeigandi þjónustu. Samkvæmt 24. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir að viðurkenna eigi „... rétt barns til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja, og aðstöðu til læknismedferðar og endurhæfingar. Aðildarríki skuli kappkosta að tryggja að ekkert barn fari á mis við rétt sinn til að njóta slíkrar heilbrigðisþjónustu.“ Sú er því miður ekki raunin á Íslandi í dag.



Það er rándýrt fyrir samfélagið að hafa börn á biðlistum. Það kostar okkur fjárhagslega, tilfinningalega, félagslega, samfélagslega, það kostar okkur lífsgæði og vinnuafli.

Foreldrar og forsjáraðilar fara heldur ekki varhluta af ástandinu. Ef geðheilbrigðisþjónusta við börn er ekki tryggð á fyrri stigum eykst andlegt álag á foreldra og forsjáraðila á meðan beðið er eftir þjónustu. Langvarandi andlegt álag getur einnig valdið líkamlegum einkennum sem svo getur þróast í alvarlegan heilsuþrest. Í sumum tilvikum dregur svo úr virkni einstaklingsins að hann getur jafnvel ekki sinnt starfi á vinnumarkaði og í erfiðustu tilvikunum er þekkt að sumir foreldrar hljóta örorku í kjölfar slíks álags.

Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2015 voru rúmlega 390 börn á biðlista Þroska- og hegðunarstöðvar, 120 börn á biðlista göngudeildar Barna- og

VILTU VINNA MILLJÓN?

Kauptu tvo poka af Nóa Kroppi, taktu mynd af kvittuninni og sendu okkur á leikur@noi.is eða á facebook síðuna okkar. Þú gætir unnið milljón í reiðufé!

Nóa kropp, bragðast eins og milljón!


NÓI SÍRÍUS



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

Kristín Stefánsdóttir

Frostafold 12,

lést á líknardeild Landspítalans
fimmtudaginn 8. júlí. Útför hefur
farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Minningargreinar vinsamlegast afþakkaðar. Bestu þakkir
fær starfsfólk líknardeildar fyrir alúð og góða umönnun.

Jón Sverrir Erlingsson
Ragnheiður Jónsdóttir
Rakel Jónsdóttir
Ásta Sigurðardóttir
Aldis Ylfa Garðarsdóttir
Sigurður Þorsteinsson
Jón Sverrir Sigurðarson
Lilja Ísabel Garðarsdóttir



Elsku eiginmaður minn, faðir okkar,
sonur, tengdasonur og bróðir,

Jóhann Óskar Jóhannesson

vélvirkjameistari og smiður,
Þórunnarstræti 119, Akureyri,

lést í faðmi fjölskyldunnar þann 14. júlí
síðastliðinn. Hann verður jarðsunginn
frá Akureyrarkirkju þann 23. júlí kl. 13.

Lilja Guðmundsdóttir
Eggert Snær Jóhannsson
Sigurros Birta Jóhannsdóttir
Hilmar Logi Jóhannsson
Eggert Jóhannsson
Systkini Jóhanns og fjölskyldur
Sigurros Pétursdóttir
Guðmundur Sigurpálsson



Ástkær bróðir okkar,
Pröstur Guðbjartsson

leikari og leikstjóri,
Hverfisgötu 7, Hafnarfirði,

lést 17. júlí á Líknardeild
Landspítalans, Kópavogi.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju
mánudaginn 26. júlí kl. 13.00.

Örn Guðjónsson
Vilhelm V. Guðbjartsson
Ólöf María Guðbjartsdóttir
Svanur Guðbjartsson
Guðrún Guðbjartsdóttir
Unnur Guðbjartsdóttir
Kristín Þóra Guðbjartsdóttir
Birna Guðbjartsdóttir
Bára Guðbjartsdóttir
Sif Guðbjartsdóttir

Sigurósk Garðarsdóttir
Guðrún Ragnarsdóttir
Jónas Pétur Sigurðsson
Ólöf Magnúsdóttir
Bjarni Albertsson
Garðar Benediktsson
Sigurður Stefán Jónsson
Sólvi Rúnar Sólbergsson
Jón Haukdal Kristjánsson
Róbert Edward Róbertsson

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er


Sverrir Einarsson

www.utforin.is

Jóhanna Eiríksdóttir


ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Jón G. Bjarnason útfararstjóri

Guðmundur Baldvinsson útfararstjóri



Magnús Sævar Magnússon útfararstjóri

Sigurður Bjarni Jónsson útfararstjóri



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vísa veg um Vestfirði

Félagarnir Henry Fletcher og Jay Simpson nýta reynslu frá Suður-Afríku til að útbúa vegvísi um Vestfirði.

arnartomas@frettabladid.is



Jay og Henry hittust fyrst í Suður-Afríku.

MYND/ADSEND

„Þú getur aldrei verið viss um hvað tekur við þér þegar þú stígur út um dyrnar,“ segir Henry Fletcher, annar höfundur væntanlega leiðarvísins Fangaðu Vestfirði á göngu, þar sem teknar eru saman gönguleiðir og nyt-samlegar upplýsingar um svæðið. Henry féll fyrst fyrir Vestfjörðum árið 2008 þegar hann lærði haf- og strand-svæðastjórnun í Háskólasetri Vestfjarða.

„Ég naut námsins hvað best þegar ég var ekki að læra,“ segir Henry hlæjandi en hann varði miklum tíma í að ganga á fjöll og kynnast samfélaginu í kring. „Ég er fæddur í Suffolk á Englandi þar sem allt er frekar slétt. Eftir að hafa verið hérna í þennan tíma skildi ég eftir hluta af sjálfum mér þegar ég kláraði námið.“

Nokkru síðar ferðaðist Henry til Suður-Afríku til að taka þátt í langri göngu. Þar kynntist hann Jay Simpson, ljósmyndara hjá National Geographic. „Við

unnum saman að því að útbúa göngu-leiðir í gegnum fjallasvæði í einkaeygu,“ segir Henry. „Mér þótti hugmyndin að verkefninu svo frábær að ég fékk Jay til að taka þátt í svipuðu verkefni með mér á Vestfjörðum.“

Í vegvísinum gera Henry og Jay grein fyrir ýmsum misþekktum göngu-leiðum og sögunni sem liggur að baki þeim. Þá gera þeir einnig grein fyrir náttúrufræði og menningu svæðisins. Þá er einnig að finna teikningar eftir myndlistarmanninn Jón Baldur Hlíðberg. Nýlega náðist markmið í hópjár-

öflun fyrir verkefnið á Kickstarter en fjármögnunin stendur yfir til föstudags þar sem áhugasamir geta heitið aðstoð. Aðspurður hvað það sé við Vestfirði sem sé svona heillandi segir Henry: „Ég grínast með þetta, en ég held að ég hafi komið aftur til Íslands í kringum 20 sinnum, og megninu af þeim heimsóknum hefur verið varið á Vestfjörðum,“ segir hann. „Ég held að hluti af aðdráttaraflinu sé fjölbreyttnin sem svæðið hefur upp á að bjóða. Þetta er reynsla sem krefst fyrirhafnar, en ef þú leggur hana á þig þá kemur hún þér sífellt á óvart.“ ■



Systir okkar,

Guðrún Steinþórsdóttir

frá Brekku í Dýrafirði,

lést á Tjörn, dvalarheimili aldraðra á Þingeyri, miðvikudaginn 14. júlí. Útförin fer fram frá Þingeyrarkirkju laugardaginn 24. júlí klukkan 14.

Gunnar Steinþórsson

Kristín Lýðsdóttir



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Höskuldur Ragnarsson

Sporðagrunni 12,

lést á heimili sínu fimmtudaginn
15. júlí. Útför auglýst síðar.

Guðmunda Kristín Guðmundsdóttir

Kristín R. Höskuldsdóttir
Margrét S. Höskuldsdóttir
Ólafur G. Höskuldsson

Guðmundur G. Simonarson
Arnar Sigurðsson
Þórunn Kristín Snorradóttir
og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Laufey Þorleifsdóttir

Gullsmára 7, Kópavogi,

andaðist á hjúkrunarheimilinu
Sólvangi 14. júlí. Útförin fer fram frá
Fossvogskirkju, mánudaginn 26. júlí kl. 13.

Hreiðar S. Albertsson
Sigurlaug Albertsdóttir
Guðrún A. Farestveit
Elin Albertsdóttir
Þorbjörg Albertsdóttir

Eyþór Þórarinnsson
Hákon Farestveit
Ásgeir Tómasson
Leópolð Sveinsson
barnabörn og langömmubörn.



Okkar ástkæra

Kristín Snæfells Arnþórsdóttir

Efstasundi 27, Reykjavík,

lést á Landspítalanum þann 3. júlí sl.
Útför hennar fer fram í Smáarakirkju,
Sporhömrum 3, Grafarvogi,
mánudaginn 26. júlí klukkan 13.00.

Jarðarförinni verður streymt á Facebook-síðunni:
Kristín Snæfells Arnþórsd.-Minningarsíða

Fyrir hönd aðstandenda,
Guðbjörg Elísa Hafsteinsdóttir



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Björn Grímur Jónsson

Boðagerði 5, Kópaskeri,

lést á sjúkrahúsinu á Húsavík
sunnudaginn 18. júlí.
Útförin auglýst síðar.

Jón Björnsson

Kristín Alda Björnsdóttir
Helgi Viðar Björnsdóttir
Arna Björnsdóttir

Nína Þórsdóttir

Jan Erik Bengtsson
Erla Sólveig Kristinsdóttir
Sven Plagård
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Soffía G. Jóhannsdóttir

frá Siglufirði,
Kleppsvegi 62,

verður jarðsungin frá Áskirkju,
miðvikudaginn 21. júlí klukkan 13.

Jóhann Pétur Jónsson
Einar Hjálmar Jónsson
Hafdis Jónsdóttir
Kristrún Jónsdóttir

Kristín Salóme Steingrimsd.
Erla J. Erlingsdóttir
Georg Kulp
Ólafur Hannar Vigfússon
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

Eygló Sigurliðadóttir

Strandvegi 9, Garðabæ,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn
13. júlí. Útför fer fram frá Viðistaðakirkju
föstudaginn 23. júlí klukkan 15.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítalans
við Hringbraut og Sjúkrahússins á Akureyri.

Birgir Pálsson

Birgir Arnar Birgisson
Sigurpáll Örn Birgisson
Ómar Már Birgisson

Sesselja Jóhannesdóttir
Jóna Björt Magnúsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða
þakkartilkyningar í Fréttablaðinu þarf að
senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 20. júlí 2021



Gangan hefst við Hallgrímskirkju.

Fræðandi kvöldganga

sandragudrun@frettabladid.is

Vesenisferðir hafa í sumar boðið upp á léttar síðdegisgöngur í miðborg Reykjavíkur í samstarfi við Sumarborgina. Göngurnar eru síðdegis á þriðjudögum og byrjuðu í júní en í kvöld er næstsíðasta gangan að þessu sinni. Í kvöld verður lögð áhersla á byggingarlistina í borginni og stoppað verður hjá nokkrum af þeim byggingum sem arkitektinn Guðjón Samúelsson teiknaði, en hann teiknaði margar af helstu byggingum miðborgarinnar.

Lagt verður af stað frá Hallgrímskirkju klukkan 18.00 en tíu mínútum fyrir brottför verða gerðar nokkrar Müllersæfingar. Gangan endar í Lækjargötu.

Hreyfing og fræðsla

Guðjón Samúelsson var skipaður í stöðu húsameistara ríkisins árið 1920 og gegndi embættinu í þrjátíu ár. Hann teiknaði á þeim tíma flestar opinberar byggingar ríkisins og kom að skipulagsmálum í fjölda bæja á Íslandi. Meðal þekktustu bygginga hans í Reykjavík eru aðalbygging Háskóla Íslands, Eimskipafélagshúsið, Hallgrímskirkja, aðalbygging Landspítalans, Sundhöllin og Hótel Borg. Byggingarnar eru of margar til að hægt sé að stoppa við þær allar í stuttri gönguferð en fyrir þau sem hafa áhuga á byggingarlist og sögu borgarinnar er tilvalið að skella sér í léttu göngu í kvöld. ■

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTSALOE VERA
HREINN SAFI30
DAGA
SKAMMTUR

WWW.CELSIUS.IS



Eva segir að mikill árangur hafi náðst í baráttunni gegn kynferðisofbeldi síðan fyrsta Druslugangan fór fram árið 2011 og þolendur fái nú miklu meiri stuðning og bjóðist fleiri úrræði en nokkru sinni. En hún segir umræðuna líka sýna að það sé enn mikil þolendaskömmun og gerendameðvirkni í samfélaginu og hana þurfi að uppræta.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Enn þörf fyrir Druslugönguna

Druslugangan fer fram í tíunda sinn á laugardag. Eva Sigurðardóttir, einn skipuleggjenda, segir að þó að mikill árangur hafi náðst í baráttunni gegn kynferðisofbeldi sé enn mikil gerendameðvirkni og þolendaskömm í samfélaginu og því sé enn þörf fyrir Druslugönguna. **2**



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr
@frettabladid.is



Eva segir að Druslugangan sé mikilvæg vegna þess að þolendur þurfi þennan vettvang, bæði til að stiga fram og líka til að fá stuðning. Hún segir líka mikilvægt að þau sem eru á móti ofbeldi komi saman til að sýna stuðning og samstöðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Druslugangan er samstöðuganga með þolendum kynferðisofbeldis. Fyrsta Druslugangan á Íslandi fór fram árið 2011 og síðan þá hefur hún farið fram árlega helgina fyrir verslunarmannahelgina og þjónað sem áminning um að kynferðisofbeldi sé aldrei í lagi.“ segir Eva Sigurðardóttir, ein af skipuleggjendum Druslugöngunnar.

„Við erum sex sem störfum í skipulagsteyminu sem sér um framkvæmd göngunnar í ár.“ segir hún. „Þetta eru sjálfboðaliðar sem hafa áhuga á að nýta sína orku og rödd til að berjast fyrir betra samfélagi fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Ef það eru fleiri sem vilja beita sér er svo alltaf velkomið að fá fleiri inn í hópinn.“

Peppkvöld og ganga á dagskrá

„Druslugangan sjálf verður næsta laugardag, 24. júlí, og hefst við Hallgrímskirkju klukkan 14, en við verðum mættar milli tólf og eitt til að sýna stuðning og samstöðu og selja varning. Það myndast oft rosalega góð og mögnuð orka við kirkjuna áður en lagt er af stað.“ útskýrir Eva. „Svo verður gengið

af stað niður Skólavörðustíg í átt að Austurvelli, þar sem við taka ræður og tónlistartriði sem undirstrika málstaðinn.

Við verðum líka með peppkvöld fyrir Druslugönguna á KEX á fimmtudagskvöld. Þangað getur fólk komið og skemmt sér í öruggu rými.“ segir Eva. „Það verður tónlist og varningssala og við vonumst bara eftir góðri stemningu. Það er hægt að finna báða þessa viðburði á Facebook.“

Misnotkun valds og trú á réttarkerfinu

Þetta verður í tíunda sinn sem gangan fer fram þar sem hún féll niður á síðasta ári vegna faraldursins, en það verður engin sérstök dagskrá í tilefni af stórafmælinu.

„Það hefur alltaf verið mikilvægt að halda umræðunni á lofti og undanfarið höfum við séð vel að þessi þörf er jafn mikil núna eins og áður. En út frá því sem hefur verið í gangi að undanfögnu ákváðum við að leggja áherslu á umræðu um valdamisræmi og misnotkun valds í ár og hvernig ákveðnir áhættuþættir geta ýtt

undir misbeitingu valds.“ segir Eva. „Þetta tengist ýmiss konar umræðu, til dæmis um rasisma, fötlunarfordóma, fordóma gegn hinsegin fólki, fitufordóma, útlitsdýrkun og aldursmun. Við viljum undirstrika að ofbeldi geti átt sér stað í öllum kimum samfélagsins og hafi ótal birtingarmyndir. Það er líka mjög mikilvægt að tekið sé tillit til þolenda úr jafnarsettum hópum og að þeir fái að taka þátt í umræðunni.“

Síðustu vikur höfum við líka orðið varar við það í umræðunni að óbilandi trú á réttarkerfinu sé notuð sem mótvægi eða mótrök gegn fólki sem er að segja frá ofbeldi. Það koma alltaf þessi sömu svör, „af hverju kærði hún ekki?“ og „hann var aldrei dæmdur.“ segir Eva. „En við vitum að þessi mikla trú á réttarkerfið á ekki rétt á sér. Það er svo ótrúlega þung sönnunarbyrði í þessum málum að einungis 13 prósent kynferðisafbrotamála sem koma inn á borð lögreglu enda með sakfellingu. Þannig að þessi ofurtrú á réttarkerfið er skortur á stuðningi við þolendur ofbeldis.“

Mikilvægur vettvangur fyrir þolendur

„Druslugangan er mikilvæg vegna þess að það er mikilvægt fyrir þolendur að hafa þennan vettvang til að stiga fram ef þeir vilja og að þeir hafi vettvang til að mæta og fá stuðning án þess að þurfa að gera neitt annað.“ segir Eva. „Bara það að mæta er erfitt skref fyrir marga. Það er líka mikilvægt fyrir þau sem eru á móti ofbeldi að koma saman og sýna stuðning og samstöðu, hvort sem þau koma með nákomnum sem eru þolendur eða ekki.“

Eva segir það hafa verið erfitt að hafa ekki getað haldið Druslugönguna í fyrra vegna faraldursins. „Það var svo mikil umræða um hvernig ofbeldi varð bara enn þá meira falid í Covid, því þá var

Það vill enginn að kynferðisofbeldi sé vandamál og það er mikilvægt að ræða hlutina svo það geti orðið breytingar.

Það allt innan veggja heimilisins. Ofbeldið var ekki eins sýnilegt, en það varð aukning á heimilisofbeldi, samkvæmt lögreglunni,“ útskýrir Eva. „Það var mjög erfitt að geta ekki verið með þessa samstöðugöngu svo fólk geti komið, fengið stuðning og vitað að þarna er fólk sem stendur með því og trúir því. Maður hefur fundið að fólk þarf þessa samstöðu og þennan vettvang til að skila skömminni.“

Við höldum áfram að vera með Druslugönguna á meðan þörfin er til staðar og það hefur sýnt sig að það er ennþá rosalega mikil gerendameðvirkni og þolendaskömm í samfélaginu, sem er nákvæmlega það sem við erum að berjast gegn,“ segir Eva. „Á meðan þetta er enn til staðar er enn tilefni fyrir Druslugöngu.“

Eva segist vonast til að sjá sem fjölbreyttastan hóp í göngunni á laugardaginn. „Vonandi verður þetta bara alls konar fólk og þverskurður af samfélaginu okkar sem kemur og sýnir málefni stuðning, enda eru þolendur í öllum stéttum og hópum samfélagsins,“ segir hún. „Til þessa hefur þetta alltaf verið fjölbreyttur hópur sem mætir en við viljum undirstrika að gangan er fyrir alla og við viljum endilega fá fólk sem hefur ekki fengið pláss eða vettvang til að beita rödd sinni

áður. Við viljum vera þessi vettvangur og vonandi fara fleiri að nýta það.“

Langt komin en mikið eftir

„Umræðan um kynferðisofbeldi sem er að fara fram í samfélaginu er mikilvæg vegna þess að það er svo mikilvægt að taka slaginn. En það er ótrúlega flókið og erfitt og það er rosalega þungt að stiga fram og fá svo framan í sig mótstöðuna sem verður til í samfélaginu,“ segir Eva. „En það er líka mikil samstaða og stuðningur í samfélaginu. Það vill enginn að kynferðisofbeldi sé vandamál og það er mikilvægt að ræða hlutina svo það geti orðið breytingar.“

Umræðan núna sýnir bæði hversu stutt en líka hversu langt við erum komin. Þetta er tvíþent. En mótstaðan sem við sjáum sýnir okkur að við þurfum að halda áfram að vekja máls á þessu til að sýna hversu stórt vandamálið er,“ segir Eva.

En hún segir að það hafi líka greinilega náðst árangur.

„Við sjáum að stuðningurinn er miklu útbreiddari en hann var þegar Druslugangan fór fyrst fram. Það hefur orðið breyting, samfélagsumræðan er þolendavænni, það er auðveldara að stiga fram og segja frá ofbeldi núna en áður og þetta er einhverj veginn hafa líka skapast þessir sterku hópar sem styðja við þolendur og úrræðin eru mun fleiri og fjölbreyttari en áður,“ segir Eva. „Það er kannski samfélagsumræðan sem hefur komist hvað lengst, en kerfið fylgir aðeins hægar á eftir. Það er hægt og rólega að verða þolendavænna en breytingarnar þurfa að gerast hraðar og því þarf samfélagsumræðan að tvíflast til að fá kerfið til að fylgja á eftir.“

Eva hefur einfalt svar þegar hún er spurð hvað sé enn eftir í baráttunni gegn kynferðisofbeldi: „Það þarf bara að útrýma því.“ ■

MARINE COLLAGEN FYRIR HÚÐ, HÁR OG NEGLUR

Kollagen er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans. Kollagen er í öllum liðum, liðamótum, vöðvum, sinum og beinum mannlíkamans og:



- Seinkar öldrun húðarinnar
- Dregur úr sýnilegum hrukum og finum línunum í húðinni
- Eykur rakastig og stinnleika húðarinnar
- Lagfæra hárgæðaslitavæði
- Stuðlar að upptöku kalsíums og kalsíumþáttar.

Vítamín C:

- Stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir starfsemi brjósks, beina og húðar
- Stuðlar að eðlilegri starfsemi tauga- og ónæmiskerfisins
- Stuðlar að því að verja frumur fyrir oxunarlagi og draga úr þreytu
- Stuðlar að endurnýjun afoxaðs forms E-vítamíns og aukinni upptöku járn.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,

Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fast á www.arcticstar.is

Arctic Star Marine Collagen Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, og Fjarðakaup.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigridringa@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Fasteignakaup erlendis

FRÍÐJUDAGUR 20. júlí 2021

KYNNINGARBLAÐ

Kynningar: Spánarheimili, Stakfell, Perla Investments, Spánareignir



Ásbjörg Sigurðardóttir, Sandra Magnúsdóttir og Bjarni Sigurðsson hjá Spánarheimilum leggja áherslu á að þjónusta vel þá Íslendinga sem hyggja á fasteignakaup á Spáni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Spánarheimili veita alhliða þjónustu við íslenska fasteignakaupendur og -eigendur

Spánarheimili er fasteignasala með skrifstofu bæði á Spáni og á Íslandi. Fyrirtækið býður upp á alhliða þjónustu við íslenska fasteignakaupendur og fasteignaeigendur á Spáni, á íslensku. Þjónustan er allt frá skoðunarferð fyrir hugsanleg kaup og þjónustu við kaupferlið ásamt fasteignausmjón og ýmissi eftirsölubjónustu. [2](#)



Spánarheimili bjóða kaupendum upp á ókeypis skoðunarferð til Spánar til að skoða fasteignir.

Spánarheimili hafa starfað í ellefu ár og eru með skrifstofur bæði á Íslandi og á Spáni en hjá fyrirtækinu starfa átta manns. Allt Íslendingar sem búa meðal annars á Spáni og þekkja til á staðnum.

„Við seljum fasteignir á Spáni og höfum gert í mörg ár. Við erum með skrifstofu á Alicante-svæðinu og erum aðallega að selja fasteignir við suðausturströnd Spánar, um það bil frá Valencia til Almeria. En fólk hefur alveg haft samband við okkur sem er að kaupa annars staðar og við höfum aðstoðað það við pappírferlið þó það sé ekki alveg á okkar svæði,“ segir Bjarni Sigurðsson framkvæmdastjóri hjá Spánarheimilum.

„Við höfum gengið mun lengra en aðrir við að aðstoða fólk bara við fasteignakaup. Við förum ekki frá borði þegar lykklarnir eru afhentir heldur bjóðum upp á þjónustu í kjölfar kaupanna. Þjónustan sem við höfum boðið upp á er fasteignasýning sem felst í eftirlitsferðum í eignirnar. Við sendum eigendum svo stöðupóst um hvort allt sé í lagi. Við mætum líka á húsfélagsfundum og höfum boðið upp á þrífþjónustu sem hefur nýst fólk vel í Covid þegar ferðatakmörkunir eru á milli landa.“

Heildstæð þjónusta

Bjarni segir að Spánarheimili bjóði líka upp á leiguumsjón ef fólk vill leigja út fasteignir sínar á Spáni.

„Við höfum leigt eignirnar út í gegnum Airbnb eða aðra vefi, bæði erlenda og íslenska. Við bjóðum einnig upp á flugvallarakstur og erum með deilubíla í gegnum síðu sem heitir spanarbilar.is. Svo rekum við upplýsingasíðuna Spann.is. Þar getur fólk fundið alla þjónustu sem við kemur Spáni, eins og lögfræðiþjónustu, til dæmis til að gera erfðaskrá eða þjónustu sem hjálpar fólk með öll mál tengd því að eiga fasteign á Spáni,“ útskýrir hann.

Allir sem kaupa fasteign í gegnum Spánarheimili fara sjálfkrafa í vildarklúbb sem býður meðlimum upp á ýmsa þjónustu á Spáni á hagstæðari kjörum. Það er til dæmis hægt að fá góð kjör á bílaleigubíl, flugi og golfi svo dæmi séu nefnd.

„Við leggjum áherslu á að veita



Bjarni Sigurðsson segir eigendur alltaf geta leitað til skrifstofu Spánarheimila eftir aðstoð.

Við getum sagt að við erum með þjónustu í tengslum við alla snertifleti þess að vera kaupandi eða eigandi fasteignar á Spáni.

Bjarni Sigurðsson

heildstæða þjónustu við allt sem tengist því að eiga fasteign á Spáni. Viðskiptavinir okkar hafa alltaf aðgang að Spánarheimilum bæði á Spáni og á Íslandi ef einhverjar spurningar vakna eða ef eitthvað kemur upp sem fólk þarf aðstoð við varðandi skemmri eða lengri tíma búsetu á Spáni. Við getum sagt að við erum með þjónustu í tengslum við alla snertifleti þess að vera kaupandi eða eigandi fasteignar á Spáni,“ segir Bjarni.

„Við erum bæði fasteignasala og

þjónustufyrirtæki. Við seljum fasteignir fyrir alla, bæði byggingaradila sem eru að byggja fasteignir á suðurströnd Spánar og fyrir eigendur sem vilja selja sínar eignir. Við markaðsetjum eignir okkar á íslenskum markaði gegnum Spánarheimili en við erum ekki bara að selja fyrir Íslendinga. Við höfum aðgang að gagnagrunni fasteignasala á svæðinu og höfum aðgang þar að öllum eignum fyrir kaupendur okkar.“

Bjarni segir að fólk sé oft ekki tilbúið að kaupa fasteign strax og vilji kannski prófa að byrja á að leigja í nokkra mánuði til að vita hvort svæði henti því.

„Þá bjóðum við upp á að fólk geti leigt eignir í gegnum okkur og fengið tilfinningu fyrir svæðinu. Við köllum þetta að máta sig við svæðið.“

Sérniðnar skoðunarferðir

Á vefsíðu Spánarheimila, spanarheimili.is, má finna yfirlit yfir fasteignir til sölu, en Bjarni segir að listinn sé ekki tæmandi yfir þær eignir sem eru í boði.

„Við leggjum mikla áherslu á að fólk komi í skoðunarferð

ef það hefur áhuga á að kaupa fasteign á Spáni. Við bjóðum upp á skoðunarferðir í fimm til sjö daga, jafnvel lengur. Innifalið í skoðunarferð er flug og gisting. Við reynum að bjóða upp á gistingu í sambærilegri eign og fólk er að spá í að kaupa til að fólk geti upplifað hvernig er að dvelja í slíkri eign,“ segir Bjarni. Hann útskýrir að skoðunarferðirnar séu ekki hóperðir heldur sérsníðnar að væntanlegum kaupanda, hvort sem það er einstaklingur eða par.

„Við förum með fólk í skoðunarferð svo það fái innsýn í svæðið og sjái hvað það býður upp á. Hvort sem fólk vill vera nálægt strönd, golfvelli eða öðru. Við sýnum viðskiptavininum allar tegundir eigna sem eru í boði miðað við hans leitarskilyrði. Við höfum líka oft samband við aðrar fasteignasölur sem eru með svipaðar eignir og viðskiptavinurinn leitar eftir. Það gerum við til að finna bestu eignina fyrir okkar viðskiptavini.“

Bjarni segir að verðið á einnar viku skoðunarferð sé 89.000 krónur, bæði fyrir flug og gistingu en skoðunarferðargjaldið er svo endurgreitt ef af kaupum verður.

Viðskiptavinir pakkaðir í bómull

Ef af kaupum verður leiðir starfsfólk Spánarheimila viðskiptavini í gegnum allt ferlið á íslensku.

„Kaupferlið á Spáni er annað en á Íslandi. Það þarf að gera ýmislegt sem við aðstoðum fólk við. Það þarf til dæmis að fá spænska kennitölu til að komast inn í kerfið á Spáni. Einnig þarf að opna bankareikning þar til að geta beintengt alla framtíðarreikninga vegna eignarinnar í greiðsluþjónustu. Ef fólk ætlar að sækja um lán þá höfum við milligöngu um það að fá tilboð í lán í spænskum bönkum,“ útskýrir Bjarni.

„Fólk þarf þá að leggja fram helstu gögn sem við þekkjum hér, eins og afrit af skattaskýrslu, launaseðlum, greiðsluseðlum af lánum og svo framvegis. Þetta er svo allt þýtt af okkar hálfu. Innan okkar raða starfar íslenskur löggiltur skjalabýðandi. Við vinnum málið alveg frá a-ö fyrir okkar kúnna, útskýrum þá lánamöguleika sem eru í boði og sjáum um að þýða og túlka þegar kemur að því að skrifa undir afsal. Ef viðskiptavinurinn fær svo bréf eða tölvupóst á spænsku þá er alltaf hægt að koma á skrifstofuna til okkar og við aðstoðum. Við erum með okkar samlanda pakkaða í bómull í gegnum allt ferlið.“ ■



www.spann.is



SPÁNARBÍLAR



Hugurinn ber þig hálf leið,
við sjáum um rest.



WWW.PERLAINVEST.COM



Perla

Investments s.l

Since 2000



(0034) 96 676 5972



INFO@PERLAINVEST.COM

FYLGDU OKKUR Á INSTAGRAM & FACEBOOK



[PERLAINVEST](#)



[PERLAINVEST](#)

Uppáhald Spánverja

Þegar dvalið er á Spáni er nauðsynlegt að fá sér paellu og tapasrétti. Veljið góðan veitingastað eða prófið að gera réttina heima. Það skapar skemmtilega stemningu að sitja yfir paellu eða rækjum í hvítlauk.

elin@frettabladid.is

Réttir eins og paella eða tapas hafa fylgt mannkyninu í spænsku-mælandi löndum lengi. Paella á uppruna sinn í Valencia-héraði á Spáni og er sagður hafa komið þangað með mörum sem voru að uppruna berbar eða hirðingjar frá Vestur- og Norður-Afríku. Það var síðan á tímum Franco sem paellan varð þjóðartákn en það mun vera vegna þess að þetta var uppáhaldsréttur einræðisherrans. Franco sameinaði ýmsa síði einstakra héraða á Spáni og setti þá undir einn hatt, þar á meðal er flamenco-dansinn sem er ættaður frá Andalúsíu.

Paellan er orðin klassik og flestir sem koma til Spánar smakka á þessum þjóðarrétti. Hann er gerður á mismunandi hátt þótt alltaf séu notuð hrísgrjón ekki ólík þeim sem notuð eru í risotto á Ítalíu. Paella er alltaf löguð fyrir nokkra í einu enda elduð á stórrí pönnu sem rétturinn ber nafn sitt af. Það er mjög skemmtilegt að bjóða gestum upp á heima-gerða paellu og hér er uppskrift sem inniheldur spænska chorizo pylsu, smokkfisk og bláskel. Oft er kjúklingur í uppskriftunum með sjávarfangi, allt eftir smekk hvers og eins. Paella er gjarnan borin fram með hvítlauksmajónesi og brauði. ■

Paella fyrir fjóra

- [500 g paella-hrísgrjón](#)
- [1-2 kg bláskel](#)
- [2 dl hvítvín](#)
- [200 g chorizo-pylsur](#)
- [2 tómatar](#)
- [1 laukur, smátt skorinn](#)
- [4 hvítlauksrif](#)
- [1,5 l kjúklinga- eða sjávarréttasóð](#)
- [0,5 tsk. saffran](#)
- [1 tsk. paprikuduft](#)
- [2 dl grænar baunir, ferskar](#)
- [1 paprika, grilluð og húðin fjarlægð ásamt kjarna](#)
- [200 g smokkfiskur skorinn í skífur \(má sleppa\)](#)
- [1 sitróna](#)
- [Fersk steinselja, smátt skorin](#)
- [Ólífuolía](#)
- [Salt og nýmalaður pipar](#)



Paella með bláskel og smokkfiski. Sannkallaður veislumatur að spænskum sið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Hvítlauksrækjur eru tapasréttur sem flestir fá sér þegar Spánn er heimsóttur.

Skolið bláskelina undir köldu rennandi vatni og fjarlægjið það sem er kallað „skegg“. Hendið þeim skeljum sem virðast skaddaðar. Setjið í stóran pott ásamt hvítvíni. Leggið lok á pottinn og látið sjóða

í 5 mínútur eða þangað til skelin opnast. Hendið þeim sem ekki opnast. Sigið soðið frá og geymið. Losið kjötið úr skelinni en skiljið nokkrar eftir til skrauts. Skerið chorizo í bita, takið

kjarnann úr tómötunum og gróf-hakkið þá.

Hitið olíu á viðri pönnu, best að nota paella-pönnu. Bætið við lauk og hvítlauk og steikið smástund. Hrærið á meðan. Bætið helmingnum af pylsubitunum út í, saffran og paprikuduftinu. Látið malla smástund og hrærið.

Setjið tómatana út á pönnuna ásamt hrísgrjónum og hrærið allt saman í nokkrar mínútur. Þá er krafturinn af bláskelinni settur út í og 1/3 af kjúklingakraftinum. Hrærið og látið suðuna koma upp. Bætið krafti eftir þörfum og látið hrísgrjónin malla rólega í 15-18 mínútur. Hrærið af og til. Saltið ef með þarf.

Þá er bláskelin sett saman við ásamt baunum og papriku. Bætið við kjúklingakrafti eftir þörfum. Hitið upp aðra pönnu og setjið ólífuolíu á hana. Steikið afganginn af pylsubitunum á meðalhita. Bætið smokkfiskinum á pönnuna og kryddið með salti og pipar.

Þegar paellan er borin fram er

skreytt með bláskel, smokkfisk og chorizo ásamt olíunni sem þetta var steikt upp úr. Dreifið sitrónusafa yfir, steinselju og nýmöluðum pipar.

Hvítlauksrækjur með chilli fyrir fjóra

- [500 g rækjur](#)
- [2 dl ólífuolía, mild](#)
- [7 hvítlauksrif](#)
- [2 tsk. þurrkaðar chilliflögur](#)
- [4 msk. blaðsteinselja, sóxuð](#)

Bragðmiklar rækjur með miklum hvítlauk eru hluti af spænska tapas-hlaðborðinu.

Skertið hvítlaukinn í þunnar sneiðar. Blandið olíu, hvítlauk og chilli á litla steikarpönnu. Hitið upp yfir meðalhita þar sem hvítlaukurinn fer að taka á sig lit. Lækkið hitann og setjið rækjurnar út í og steikið í örlitla stund. Berið strax fram vel heitt. Dreifið steinselju yfir og berið fram með góðu brauði.



Actinica® sólarvörn

- með UVA og UVB vörn
- rakagefandi og með SPF 50+
- án ilmefna og PEG-ýruefna
- skammtari aðstoðar þig við að nota hæfilegt magn
- Actinica sólarvörn er fyrsta og eina sólarvörnin sem sýnt hefur verið fram á með klínískum rannsóknum að hafi fyrirbyggjandi áhrif gegn húðkrabbameini, öðru en sortuæxli (NMSC, Non-melanoma skin cancer) hjá ónæmisbældum sjúklingum.¹

Actinica fæst í öllum apótekum og á H verslun, hverslun.is. Vinsamlegast lesið notkunarleiðbeiningar sem fylgja í pakkningunni fyrir notkun.

Dreifingaraðili: Icepharma | Lynghás 13 | 110 Reykjavík | S: 540 8000
Heimild 1: Ulrich C ofl. Prevention of NMSC in OTR, BJD (S3)2009

Splunkunýtt heimili í sólinni á Spáni

Novus Habitat á Spáni og Stakfell fasteignasala á Íslandi hafa tekið höndum saman og bjóða Íslendingum einstaka þjónustu beggja vegna hafnsins. Margar góðar ástæður eru fyrir því að Íslendingar kjósa að eiga heimili á báðum stöðum.

Novus Habitat og Stakfell bjóða upp á heildarlausn fyrir fólk sem er að hugsa um að kaupa fasteign á Spáni.

„Fasteignasalan Novus Habitat er með höfuðstöðvar sínar í Benijofar, skammt frá Torrevieja í Alicante-héraðinu á Spáni, sem margir Íslendingar þekkja,“ segir Kristján Sveinsson. Hann hefur starfað hjá Novus Habitat um nokkurt skeið og er öllum hnútum kunnugur á þessu svæði.

Novus Habitat er sérhæfð fasteignasala í sölu nýbygginga á öllu Costa Blanca og Costa Cálida svæðinu og Stakfell er rótgróin fasteignasala á Íslandi sem hefur verið starfrækt á Íslandi frá árinu 1984. „Matthildur Sunna Þorlákssdóttir hjá Stakfelli er okkar aðal tengiliður á Íslandi og er kletturinn okkar þeim megin hafnsins og ég sé svo um allt sem við kemur fasteignaviðskiptum Spánarmegin,“ segir Kristján. „Ég tek á móti fólkinu á flugvælinum, stilli upp skoðunarferðum og sé um allt frá A til Ö,“ segir hann.

Hvers vegna sækja Íslendingar sérstaklega á þetta svæði?

„Það eru margar góðar ástæður fyrir því. Fyrir utan hagstætt verðlag og frábært veður þá eru skólar góðir og heilbrigðiskerfi ákaflega gott á svæðinu. Þarna er öll þjónusta til fyrirmyndar, lifandi verslunarlíf og veitingahúsmenningin er fjölbreytt. Svæðið í kringum Torrevieja er Íslendingum einnig flestum vel kunnugt og er svæðið einstaklega veðursælt með að meðaltali 320 daga sól á ári,“ segir Kristján en veðurfarið á Spáni á stóran þátt í því hversu vel fólk líkar að búa þar.

Ef fólk finnur draumaeignina fylgjum við því í gegnum ferlið alla leið. Það er mikið öryggi fólgið í því að fá fagfólk til aðstoðar.

Aðstoðið þið fólk sem er að hugleiða kaup?

„Já, og miklu meira en það. Við aðstoðum fólk í öllu ferlinu og ekki síður þegar það er búíð að kaupa fasteign. Þá hefst svokallað eftir-söluferli þar sem við erum fólk til halds og trausts við hvað eina sem þarf. Við höfum lagt okkur fram við að velja eignir á skrá hjá okkur frá byggingaraðilum sem við þekkjum til og treystum að eru með allt sitt í lagi,“ segir Matthildur Sunna.

„Við bjóðum upp á alla aðstoð við að innrétta og fullbúa eignina húsgögnum og öllu því sem þarf. Við getum einnig boðið þjónustu frá íslenskum innanhússhönnuði ef kaupandi kys þá. Við leggjum öll gögn fram þannig að viðskiptavinurinn veit nákvæmlega hver kostnaðurinn við kaupin eru frá upphafi, enginn óvæntur kostnaður eða gjöld. Einnig sýnum við fram á hver útgjöldin verða árlega eftir kaupin,“ segir Matthildur Sunna.

Og hvernig er svo ferlið effólk hefur áhuga á að koma til Spánar í skoðunarferð?

„Fólk byrjar á að hafa samband



Stakfell og Novus Habitat hafa tekið höndum saman við sölu nýbygginga á öllu Costa Blanca og Costa Cálida svæðinu á Spáni.



Svæðið í kringum Torrevieja er Íslendingum vel kunnugt. Þar er einstök veðursæld, með að meðaltali 320 daga í sól á ári hverju.



Novus Habitat býður upp á alla aðstoð við að innrétta og fullbúa eignina húsgögnum og öllu sem til þarf.



Kristján aðstoðar fólk við að kaupa réttu fasteignina á Spáni. Hann vinnur hjá Novus Habitat, sem er með höfuðstöðvar í Benijofar, skammt frá Torrevieja í Alicante-héraðinu.

við okkur hjá Stakfelli og við skipuleggjum saman skoðunarferðina. Kristján tekur svo á móti fólki á Alicante-flugvælinum og fylgir því á hótél eða í íbúð þar sem það gistir í þrjár til sjö nætur í boði okkar,“ segir Matthildur.

„Fyrsta daginn förum við saman í höfuðstöðvar Novus Habitat og förum yfir hvaða eignir eru í boði og hverju fólk er að leita að. Við förum svo og skoðum þær eignir og mismunandi hverfi. Ef fólk finnur

draumaeignina aðstoðum við það við að opna bankareikning, sækja um N.I.E.-númer, sem er spænsk kennitala, og fylgjum því í gegnum ferlið alla leið,“ segir Kristján en mikið öryggi er fólgið í því að fá fagfólk til að aðstoða við þessa hluti.

Áður en nýir eigendur fá fasteignina afhenta skoðar gæðastjóri frá Novus Habitat hana og fer yfir öll frágangsmál með byggingaraðilanum og sér þannig til þess



Matthildur Sunna hjá Stakfelli er aðal tengiliður Novus Habitat á Íslandi.

MYNDIR/AÐSENDAR

að eignin sé gallalaus og uppfylli ströngustu gæðakröfur. „Okkar viðskiptavinir fara svo sjálfkrafa í hollustuklúbbinn Novus Habitat og njóta sérstakra tilboða í húsgagna- og tækjabúðum, og á ýmsu öðru sem þarf til heimilisins, svo sem nettengingu, tryggingum og öryggisskerfi, svo eitthvað sé nefnt,“ segir Kristján.

Að lokum, hvernig getur fólk nálgast ykkur?

„Það er alltaf hægt að ná í okkur í síma eða panta tíma með okkur á skrifstofu Stakfells í Borgartúni 30,“ segir Matthildur. Beint númer hjá henni er 690 4966 og netfang matthildur@stakfell.is. ■

Nánari upplýsingar má fá á vefsíðunum novushabitat.es og stakfell.is

Enginn æsingur í sólinni á Spáni

Að ýmsu er að huga þegar fasteign er keypt á Spáni. Félag húseigenda á Spáni var stofnað árið 1989 og hefur aðstoðað fjölda Íslendinga á þeim tíma.

Það var fyrir algjöra tilviljun að Jón Hólm Stefánsson og eigin kona hans, Rósa Signý Finnsdóttir, eignuðust einbýlishús í grónu og öruggu einbýlishúshverfi á Spáni, nánar tiltekið í Los Altos-hverfinu nærri Torre Vieja en húsið eiga þau með dóttur sinni og tengdasyndi. Jón er formaður stjórnar Félags húseigenda á Spáni (FHS) sem stofnað var árið 1989 en félagið leggur áherslu á að félagsmenn kynnist Spáni, menningu og fegurð landsins. „Félagið vinnur auk þess að því að koma upp gæðavottunarkerfi þar sem viðkomandi þjónustuaðilar fá sérstaka viðurkenningu frá FHS fyrir góða og trausta þjónustu við félagsmenn ásamt því að veita félagsmönnum ýmsa afslætti. Það má segja að aðaláhersla félagsins snúist um öryggis- og þjónustumál fyrir félagsmenn enda er mottó félagsins: FHS, öryggisins vegna.“

Hann segir þau hjónin hafa notið öryggis nágranna sem búa allt árið í húsum sínum, þar á meðal Spánverja, Þjóðverja og Rússa. „Við höfum notað húsið fyrir fjölskylduna eingöngu og notið þess mjög að dvelja þarna. Við eigum stóran fjölskyldubíl sem við geymum í sérstakri bílageymslu rétt við flugvöllinn á Alicante. Þegar við komum á flugvöllinn erum við sótt og ekið að okkar bíl. Svipað fyrirkomulag er þegar við förum heim til Íslands, þá ökum við að bílageymslunni og erum keyrð á flugvöllinn. Þetta gera mjög margir Íslendingar sem búa hér hluta árs og er afar gott fyrirkomulag.“

Mikill áhugi

Tilurð félagsins má rekja til ársins 1987 en þá höfðu nokkrir Íslendingar keypt sér húseignir á suðurströnd Spánar. „Fleiri landsmenn höfðu áhuga en helsta áhyggjuefnið var hversu erfiðar samgöngur til Spánar voru. Reynt var að gera samninga við ferðaskrifstofur um flug en erfiðlega gekk og hópurinn var ekki nægilega samstilltur til átaka. Það var því ákveðið að stofna félag til að gera samningsstöðu betri og var ákveðið að nefna félagið Félag húseigenda á Spáni. Nokkur óvissa var um hversu margir myndu mæta til slíks stofnfundar en þegar til fundarins kom mætti mikill fjöldi fólks, sem sýndi hversu áhugi var mikill. Félagið var stofnað þann 12. nóvember árið 1989 og er því rúmlega 30 ára gamalt.“

Fjölbreytt verkefni

Hann segir helstu verkefni félagsins í dag vera ýmiss konar þjónusta við félagsmenn. „Félagið hefur meðal annars í sinni þjónustu öryggis- og þjónustufulltrúa. Núverandi fulltrúi hefur stundað nám við spænskan háskóla, talar spænsku og þekkir vel opinbert regluverk og menningu Spánar. Starf öryggis- og þjónustufulltrúa hefur meðal annars falist í aðstoð vegna samskipta við fjármála- stofnanir, samskipta við hið opinbera varðandi ýmis mál, að setja fólk inn í heilbrigðiskerfi Spánar og aðstoða við almenn skattamál. Drjúgur tími fer einnig í samskipti við lögfræðistofur vegna erfðaskrármála, eigendaskiptingu fasteigna og samskipti við lögregluna vegna til dæmis tjóna, innbrota, þjófnaðar og glataðra skilríkja.“

Vikulega er haldnir fundir með öryggisfulltrúa FHS fyrir



Jón og Rósa eignuðust einbýlishús í grónu og öruggu einbýlishúshverfi á Spáni, nánar tiltekið í Los Altos-hverfinu nærri Torre Vieja.

MYNDIR/ÁSENDAR



Jón Hólm Stefánsson, formaður stjórnar Félags húseigenda á Spáni.

félagsmenn auk þess sem hann miðlar einnig upplýsingum og fræðslupistlum á Facebook-síðu og vef félagsins. „Öryggis- og þjónustufulltrúi er með öryggissíma opin allan sólarhringinn, ef um neyðartilfalli er að ræða, og einnig almennan síma og netfang. Þá eru nán og mikilvæg samskipti milli FHS og ræðismanns Íslands á svæðinu þegar kemur til dæmis að því að útvega ný skilríki og að leysa ýmis persónuleg mál sem koma upp.“

Hagstætt verðlag

Það eru ýmsir kostir við að kaupa fasteign á Spáni að sögn Jóns þótt erfitt sé að mæla með einu svæði umfram annað. „Hér er verðlagið hagstætt og meira verður úr framfærslulífeyrinum en á Íslandi. Þá er veðurfar afar gott, einkanlega á svæði Orihuela Costa eða Torre Vieja-svæðinu, en þar bæta saltvötnin andrúmsloftið sem er að mati Alþjóðaheilbrigðismála- stofnunarinnar eitt það heilsusamlegasta í heiminum. Þessi landsvæði sem ég minntist á eru syðst á Spáni en innar í landinu og norðar er veðurfar og umhverfi nokkuð



Hjónin Jón Hólm og Rósa Signý á góðri stundu á spænskum veitingastað.

annað en þó heillandi fyrir marga. Effólk þarf næði og slökun, þá er gott að kynnast mannlífi á Spáni, sem er afslappað og róandi. Þar gildir að draga andann djúpt og bíða afgreiðslu, þangað til að þér kemur í röðinni. Engan æsing, bara slökun og njóta.“

Staðsetning skiptir máli

Þegar fólk hefur í hyggju að kaupa húseign á Spáni þarf að liggja fyrir hvar á Spáni fólk vill vera, segir Jón. Síðan þarf að velja traustan fasteignasala og ákveða hvort kaupa eigi fasteign til útleigu, þegar eigendur eru ekki að nota fasteignina, eða hvort um er að ræða bústað fyrir fjölskylduna eingöngu. „Þetta atriði er mikilvægt varðandi staðsetningu fasteignarinnar. Ef leigja á fasteignina, er betra að hún sé í fjölbýlishúsi með góðri sameign, til dæmis sundlaug, leiktækjum,

77 Hér er verðlagið hagstætt og meira verður úr framfærslulífeyrinum en á Íslandi. Þá er veðurfar afar gott, einkanlega á svæði Orihuela Costa eða Torre Vieja-svæðinu.

líkamsrækt og bílakjallara ásamt góðri staðsetningu upp á verslanir og matsölustaði. Sé húsið hugsað eingöngu fyrir fjölskylduna er hægt að skoða eign á rólegum og öruggum stað, innan um heima-fólk.“

Skóða þarf vel lánamöguleika lánastofnana og athuga að aldur lántakenda takmarkar lánstíma.

„Svo þarf að huga vel að því hvernig fasteignin snýr við sól. Ekki er gott að lenda snemma dags í skugga frá öðrum húsum en sumir flaska á þessu atriði. Svo er einnig nauðsynlegt að fá skoðunarvottorð frá viðurkenndum matsmanni á ástandi fasteignar, ef fasteignin er ekki ný.“

Bíða spennit eftir haustinu

Vegna heimsfaraldursins hafa hjónin ekki getað dvalið í húsinu sínu í langan tíma en hafa í staðinn nýtt tímann til að láta vinna viðhaldsverkefni í húsinu. „Við semjum við Spánverja varðandi viðhaldsvinnu og breytingar. Okkar reynsla er sú, að þessir innfæddu séu hvort tveggja í senn vandvirkir og ábyggilegir. Á næstu mánuðum vonumst við til að geta gladdst með afmælissörnum haustsins í stóra húsinu okkar þar sem allir komast fyrir.“ ■

Fasteignablaðið

29. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 20. júlí 2021

FASTEIGNIR. FRETABLADID.IS



LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN



Hlíðasmára 2
201 Kópavogi
Sími: 512 4900
www.landmark.is
landmark@landmark.is



ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubún

-örugg fasteignaviðskipti



Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali



Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali



Sólveig Fríða Guðrúnardóttir
Löggiltur fasteignasali og
lögfræðingur

MIDBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800

www.midborg.is



Húsið stendur á horni Spítalastígs og Óðinsgötu.

Hús á eftirsóttum stað

Fasteignamarkaðurinn ehf. s:
570-4500 kynnir til sölu mikið endurnýjaða heila húseign með premur íbúðum auk byggingarréttar að einni íbúð ofan á húsið á mjög fallegum og eftirsóttum stað á horni Spítalastígs og Óðinsgötu í Reykjavík.

Óðinsgata, Óðinstorg og hluti Spítalastígs eru öll endurnýjuð með hitalögnum undir götum og gangstéttum og Óðinstorgið er virkilega fallega hannað með hitalögnum undir stéttum og bekkjum og með fallegum trjágróðri.

Árið 1999/2000 var íbúð á 1. hæð mjög mikið endurnýjuð, m.a. allar lagnir og útveggir einangraðir upp á nýtt. Innihurðir á miðhæð voru endurnýjaðar. Allar raflagnir, rafmagnstöflur fyrir 1. hæð og sameiginleg rafmagnstafla fyrir 1. hæð og ris voru endurnýjaðar. Eins voru allar vatnslagnir, hitalagnir, ofnar og frárennislagnir endurnýjaðar á miðhæð hússins. Bárújarn á húsi var endurnýjað á suður- og vesturhlíðum þess árið 2005.

Íbúð á 1. hæð er 52,8 fermetrar að stærð, 3 herbergja með aukinni

lofthæð, fallegum gíflistum og rósettum í loftum og skiptist þannig: Forstofa með fatahengi. Baðherbergi, flísalagt gólf, sturtuklefi, loftræsting, miklar innréttingar og tengi fyrir þvottavél. Svefnherbergi, parketlagt og rúm-gott. Eldhús, parketlagt og með fallegum sprautulökkuðum hvítum og gráum innréttingum og góðri borðaðstöðu. Stofa, opin við eldhús, parketlögð og tengingar fyrir kamínu tilbúnar. Svefnherbergi II, parketlagt og rúm-gott með stórrí rennihurð við stofu.

Íbúð á efri hæð/risi hússins er 53,9 fermetrar að stærð, 3 herbergja og með vestursvölum og skiptist þannig: Forstofa á 1. hæð um sérinnangang með geymslu undir innistiga. Viðarstigi er upp á efri hæð hússins. Stiginn er nýmálaður og stigahús einnig. Stigapallur, er með fatahengi og útgengi á rúm-góðar svalir til suðurs sem eru með viðarklæddu gólfi, glerhandriði og fallegu útsýni yfir borgina og að Reykjanesi. Eldhús, parketlagt með glugga til suðurs og hvítum innréttingum. Stofa, rúm-góð, parketlögð. Barnherbergi I, parketlagt

og með fataskápum. Hjónaherbergi II, parketlagt og rúm-gott með fataskápum. Baðherbergi, með glugga, allt nýendurnýjað með nýjum sturtuklefa. Linoleumdúklagt gólf og upp á vegg, tengi fyrir þvottavél sem fylgir.

Geymslur er yfir efri hæð hússins og er það óupphitað með rafmagni og gaflglugga til austurs. Geymslur er ekki manngengt.

Íbúð í kjallara hússins er með sérinnangi, er ósamþykkt (samþykkt sem hluti af íbúð á 1. hæð), er 3 herbergja 53,2 fermetrar. Forstofa, flísalögð og með fatahengi. Stofa og eldhús eru í einu rúm-góðu flísalögðu rými með glugga til suðurs. Hvítar innréttingar í eldhúsi. Barnaherbergi, parketlagt og rúm-gott með fataskápum. Hjónaherbergi, parketlagt og rúm-gott með fataskápum og sérinnangi frá Spítalastíg. Baðherbergi, flísalagt gólf, skápar, veggskápar, flísalögð sturta, loftræsting og innrétting með vinnuborði og tengi fyrir þvottavél.

Húsið er timburhús á hlöðnum kjallara, byggt árið 1910 og er í góðu ástandi að innan og utan. ■

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —




Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



heimili
fasteignasala
á traustum grunni

Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is



Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn sölubóknun.



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf.

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.
Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elín D. Guðmunds-
dóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Úlfar Freyr
Jóhannsson
hdl og lögg.
fasteignasali
ulfar@fastmark.is



Sigríður
Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is



Gisli Rafn
Guðfínsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig
Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@
fastmark.is

Sérbýli óskast í Garðabæ eða Kópavogi - 150-200 fermetra sérbýli í Garðabæ eða í Kópavogi óskast í skiptum fyrir 150 fermetra glæsilega efri hæð í lyftuhúsi með bílastæði í bílastæðahúsi.

Aflagrundi 31 – Raðhús í vesturbæ Reykjavíkur



- Mjög vandað og vel skipulagt 312,0 fermetra raðhús á fjórum hæðum við Aflagranda í Reykjavík.
- Húsið er teiknað að utan og innan af Guðmundi Kr. Guðmundssyni arkitekt.
- Lóðin er mjög falleg með hellulagðri innkeyrslu og stéttum fyrir framan húsið og fallegum bæðum undir gróður. Baklóðin er öll afgirt og mjög skjólsæl með hellulagðri verönd og mjög fallegum trjágróðri.
- Húsið að utan hefur alla tíð fengið gott viðhald og lítur vel út.

Stapasel. Einbýli á útsýnislóð við opið svæði.



- Virkilega fallegt 225,4 fm. einbýlishús á útsýnislóð innst í botngötu við opið svæði í Seljahverfi.
- Sér 2ja herbergja íbúð er á neðsta palli hússins og er bæði innangengt í hana og sérinnangangur í hana af lóð frá austri.
- Eignin er afar vel staðsett á 860 fm. lóð við opið óbyggt svæði og frá eigninni nýtur útsýnis til norðurs að Esjunni, Akranesi og yfir borgina.
- Eignin hefur alla tíð fengið mjög gott viðhald og er öll nýlega máluð að utan. Öfnar í húsinu eru allir endurnýjaðir og gler í gluggum hefur alltaf verið endurnýjað eins og þurft hefur.

Verð 114,5 millj.

Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.



- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er órstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbotnið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álkæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgölf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekktu danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

Hringbraut 65 - 3ja herbergja íbúð



- Falleg og björt 72,9 fermetra 3ja herbergja íbúð á 2. hæð, efstu, auk rislofts með þakglugga sem er yfir hluta íbúðar.
- Útgengi úr stofu á góðar suðvestursvalir. Auk þess er útgengi á norðvestursvalir frá stigapalli sameignar. Lofthæð íbúðar er meiri en gengur og gerist og íbúðin er mjög björt.
- Íbúðin er mikið endurnýjuð m.a. nýleg innrétting og tæki í eldhúsi, gólfefni og fataskápar. Bæðherbergi er einnig endurnýjað. Að innan er íbúðin nýlega máluð, veggir og loft og gluggar/hurðir lakkaðar.
- Virkilega falleg íbúð sem hefur verið endurnýjuð á vandaðan hátt.

Verð 47,9 millj.

Laugavegur 7- verslunarhúsnæði



- Til sölu 171,2 fm. verslunarhúsnæði með góðum gluggum sem snúa út á Laugaveg.
- Húsnæðið skiptist í opið verslunarrými og lagerrými í kjallara með fullri lofthæð og útgengi á baklóð hússins.
- Sér bílastæði á baklóð.

Holtsvegur - Garðabæ. 2ja herbergja íbúð.



- Glæsileg og vel skipulögð 2ja herbergja 83,6 fermetra íbúð á jarðhæð með rúmgóðri um 25 fermetra afgirtri viðarverönd í Urriðaholti í Garðabæ.
- Stofa með gluggum til vesturs sem rúmar vel stofu og borðstofu. Gengið í sólstofu frá stofu. Eldhús með sprautulakkaðri innréttingu frá GKS. Svefnherbergi með miklu skápaplássi.
- Íbúðinni fylgir sér bílastæði í lokaðri og upp-hitaðri bílageymslu á jarðhæð hússins. Mynda-véladyrasími er í húsinu.

Verð 55,5 millj.

Verslunar- eða veitingahúsnæði



- 127,5 fermetra verslunar- eða veitingahúsnæði á 1. hæð við Vatnsstíg auk 20,1 fermetra skrifstofu/geymslu í kjallara. Heimild er til þess að reka veitingastað í flokki III fyrir allt að 80 gesti.
- 105,6 fermetra verslunarrými á tveimur hæðum til leigu neðarlega á Skólavörðustígnum. Laust til afhendingar strax.
- 70,6 fermetra verslunarhúsnæði á götuhæð til leigu í nýlegu húsi við Skólavörðustíg. Húsnæðið er einn stór salur með góðum verslunargluggum út að Skólavörðustígnum.

Sumarhús - Efsti-Dalur, Bláskógabyggð.



- Vel staðsett 46,5 fermetra sumarhús í Efsta-Dal í Bláskógabyggð með stórkostlegu útsýni yfir suðurlandsundirlendið og að Eyjafjallajökli, Heklu og víðar.
- Húsið stendur á 4.690,0 fermetra skjólsælli og gróinni lóð. Hitaveita er á svæðinu þó að hún hafi enn ekki verið tekin inn í húsið.
- Gott malarborið bilaplan er við bústaðinn og er pláss fyrir 4-5 bíla.
- Stutt er í alla þjónustu. 10 mínútna akstur er á Laugarvatn og að Geysi. Góðir golfvællir og sundlaugar eru í næsta nágrenni.

Verð 19,9 millj.

Naustavör nr. 44-50. Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi.



- Naustavör 44-50 eru hæða fjölbýlishús í Bryggjuhverfinu í vesturbæ Kópavogs.
- Íbúðin sem eftir er er 3ja herbergja íbúð 125,5 fermetrar á 1.hæð. Til afhendingar í júlí 2021.
- Allar innréttingar eru frá Brúnás, AEG eldhústæki og blöndunartæki frá Tengi. Íbúðin sjálf verður afhent án gólfefna, en flísar verða á gólf í baði og þvottaherbergi.
- Stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni. Byggingaraðili er Byggingarfélag Gyfja og Gunnars hf., www.bygg.is

Verð íbúðar er 81,5 millj.

Krókháls 5F. Atvinnuhúsnæði.



- Mjög gott 497,8 fermetra atvinnuhúsnæði á 2. hæð (götuþæð Krókhálsmegin) í lyftuhúsi að Krókhálsi 5F.
- Tveir inngangar eru í húsið, bæði frá Járnhálsi og Krókhálsi. Mögulegt að setja innkeyrsluhurð. Hljóðeinangrandi loft í hluta húsnæðisins.
- Lóðin er 19.980 fm að stærð. Afgirt malbikað stórt bilaplan með fjölda bílastæða.
- Gott athafnasvæði fylgir eignarlutanum.

Verð 129,5 millj.

OPÍÐ HÚS | Þriðjudaginn 20. júlí kl. 16.00-16.30

Grænamýri 12
170 Seltjarnarnes

Björt og vel skipulögð 4ra herbergja 111,4 fm efri hæð + 23,9 fm bílsk.

- Alls 135,3 fm á frábærum stað í Mýrinni á Seltjarnar.
- Þrjú til fjögur svefnherbergi
- Sérinngangur

Verð: **79,9 millj.**

PANTÍÐ SKOÐUN hjá Óskari í síma **691 2312**

Ólafur Finnbogason lögg. fasteignasali Sími: 8222307 olafur@miklaborg.is

Óskar S. Axelsson aðst. fasteignasala Sími: 6912312 osa@miklaborg.is

OPÍÐ HÚS | Þriðjudaginn 20. júlí kl. 17.00-17.45

Holtsgvegur 29
210 Garðabær

Glæsileg og björt 5 herb. 154 fm íbúð í nýlegu 9 íbúða fjölbýli með lyftu

- Þrjú til fjögur rúmgóð svefnherbergi
- Sér þvottahús innan íbúðar
- Aukin lofthæð
- Tvennar svalir + þaksvalir
- Stæði í bílageymslu

Verð: **81,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU

Óskar H. Bjarnason lögg. fasteignasali Sími: 6911931 ohb@miklaborg.is

LÚXUS PENTHOUSE

Hverfisgata 92 b
101 Reykjavík (íb 503)

Stórglæsileg 146,4 fm lúxus penthouse íbúð sú eina á efstu hæð 4 metra lofthæð

- Rúmgott alrými, eldhús með eyju, glæsileg stofa, gólfstíðir gluggar og útgengt á suðvestur svalir.
- Þvottahús inn af eldhúsi
- 3 svefnherbergi
- 19,4 m² svalir sem snúa í átt að inngarði
- Tvö stæði í bílageymslu.

Verð: **165 millj.**

PANTÍÐ SKOÐUN hjá sölumönnum Miklaborgar

Jórunn Skúladóttir lögg. fasteignasali Sími: 8458958 jorunn@miklaborg.is

Friðrik Þ. Stefánsson hdl. og aðst. fasteignas. Sími: 6161313 fridrik@miklaborg.is

Barbara R. Bergþórs lögg. fasteignasali Sími: 8230339 barbara@miklaborg.is

OPÍÐ HÚS | Þriðjudaginn 20. júlí kl. 17.00-17.30

Ægisíða 127
107 Reykjavík

Vel staðsett og skipulagt 166 fm parhús

- Nýlegir glugga, rafmagnslagnir, eldhús og bað
- Fjögur góð svefnherbergi
- Leyfi til að stækka húsið í rúma 200 fm

Verð: **75,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU

Óskar S. Axelsson aðst. fasteignasala Sími: 6912312 osa@miklaborg.is Ólafur Finnbogason lögg. fasteignasali

NÝTT Í SÖLU

Vallarás 1
110 Reykjavík

Falleg 2ja herbergja íbúð með sérafnotarétti

- Eldhús, stofa með útgengt út á stóran sérafnotarétt, svefnherbergi og baðherbergi.
- Eigninni fylgir geymsla á 1.hæð.

Verð: **30,5 millj.**

PANTÍÐ SKOÐUN hjá Jórinni í síma **845 8958**

Jórunn Skúladóttir lögg. fasteignasali Sími: 8458958 jorunn@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

Miðleiti 7
103 Reykjavík

Vel staðsett 2-3 herb. 81,9 fm útsýnisíbúð fyrir 55 ára og eldri, á efstu hæð í lyftuhúsi

- Björt og rúmgóð stofa, útgengt á suðursvalir með fallegu útsýni.
- Sér bílastæði í bílastæðahúsi.
- Sérgeymsla er í sameign
- Laus fljótlega.

Verð: **Tilboð**

PANTÍÐ SKOÐUN hjá Jason í síma **775 1515**

Jason Ólafsson lögg. fasteignasali Sími: 7751515 jko@miklaborg.is

Kjartan Í. Guðmundsson vfr. og lögg. fasteignasali Sími: 663-4392 kjartan@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

Holtsgvegur 9
210 Garðabær

Falleg og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á efstu hæð

- Bílastæði í kjallara
- 122 fm skiptist í anddyri, stofu, eldhús, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, geymslu.

Verð: **69,9 millj.**

BÓKÍÐ SKOÐUN Í SÍMA: 691 2312

Nánari upplýsingar: s. 6912312 Óskar S. Axelsson aðst. fasteignasala s. 899 5856 Gunnar S. Jónsson löggiltur fasteignasali

Nýbýlavegur 50
200 Kópavogur

115 fm 4ra herbergja íbúð á annari hæð

- Yfirbyggðar svalir til vesturs
- Þvottahús innan íbúðar
- Bílskúr og sér bílastæði

Verð: **62,9 millj.**

BÓKÍÐ SKOÐUN Í SÍMA: 691 2312

Nánari upplýsingar: s. 6912312 Óskar S. Axelsson aðst. fasteignasala s. 698 4450 Ingi Þór Ingólfsson löggiltur fasteignasali og skipasali

Gerplustræti 13
270 Mosfellsbær

Glæsileg 5 herbergja 135 fm íbúð á 2. hæð

- 3 svefnherbergi, stofa og TV hol
- 135 fm að stærð, mjög rúmgóð. Frábærar útsýnissvalir
- Stutt í leik- og grunnskóla
- Stæði í bílageymslu

Verð: **67,5 millj.**

BÓKÍÐ SKOÐUN Í SÍMA: 695 5520

Nánari upplýsingar: s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson löggiltur fasteignasali

Jötnagarðsás 38
301 Borgarbyggð

Notalegt 54 fm hús í Munaðarnesi

- Umfafió fallegum kjarrgróðri
- Tvö svefnherbergi ásamt svefnlofti
- Hitaveita við lóðarmörk

Verð: **18,7 millj.**

BÓKÍÐ SKOÐUN Í SÍMA: 695 5520

Nánari upplýsingar: s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson löggiltur fasteignasali

Flugumýri 24-26
270 Mosfellsbær

Glæsilegt iðnaðarbil eða dótakassi

- Innkeyrsluhurð 3x3 m ásamt gönguhurð
- Stærð 65,3 fm, vinnusalur, starfsmanna aðstaða, kaffistofa og snyrting. Hiti í stétt fyrir framan
- Mikil lofthæð og möguleiki á að gera millipall
- Tveir gámar fygja

Verð: **33,5 millj.**

BÓKÍÐ SKOÐUN Í SÍMA: 845 8958

Nánari upplýsingar: s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir löggiltur fasteignasali

Ásborgir 14
805 Grímsnes

Fallegt, hjart og vel skipulagt heilsárshús á einstakri útsýnislóð

- Húsið stendur á tæplega 0,4 ha kjarri-vaxinni eignarlóð með góðu útsýni yfir Búrfellslæk og Sogjó.
- Húsið er skráð 224,4 fm en þar af er bílskúr um 52,4 fm

Verð: **82 millj.**

BÓKÍÐ SKOÐUN Í SÍMA: 775 1515

Nánari upplýsingar: s. 775 1515 Jason Kr. Ólafsson löggiltur fasteignasali

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita **að þér?**

Fyrirtæki ársins 2021

Fasteignasalan Perla hefur yfir 20 ára reynslu

Fasteignasalan Perla Investments er rekin af íslenskum hjónum og var stofnuð fyrir meira en tveimur áratugum. Fyrirtækið selur aðallega nýtt íbúðarhúsnæði og leggur áherslu á að kaupin séu bæði áreynslulaus og ánægjuleg.

Fasteignasalan Perla Investments var stofnuð af hjónunum Auði Hansen og Orra Ingvasyni þegar þau fluttu búferlum til Spánar árið 1999 og hefur því verið starfandi í yfir 20 ár. Auður, sem er eigandi og skrifstofustjóri Perlu, lauk námi til löggilts fasteignasala á Íslandi árið 1999 og hefur auk þess B.A.-próf í spænsku frá Háskóla Íslands. Hún hefur unnið þó nokkur þýðingaverkefni fyrir spænsk yfirvöld í gegnum tíðina og stundar um þessar mundir mastersnám í þýðingafraði samhliða starfi sínu hjá fasteignasölnunni.

Auður segir að frá upphafi hafi stöðugleiki og gæði verið leiðarljós þeirra hjóna við reksturinn, en þau hafa séð tímana tvenna í fasteignaviðskiptum á síðustu áratugum.

„Þegar við byrjuðum var að hefjast hérna mikill uppgangstími og þegar mest var vorum við með fjórar skrifstofur á Spáni og eina á Íslandi,“ segir Auður. „Jafnframt fórum við í þó nokkra fasteignapróun, meðal annars í Brasilíu og víðar, og það má því segja að síðustu rúmlega tvo áratugi hafi líf okkar snúist algjörlega um fasteignir og aftur fasteignir.“

Fullkomið tvítyngi og skilningur á fasteignalögum á Spáni er sannarlega mikill styrkur sem endurspeglast í öllu daglegu starfi fasteignasölnunnar.

Auður Hansen.

Alþjóðlegt fjölskyldufyrirtæki

„Hjarta fyrirtækisins og höfuðstöðvar fasteignasölnunnar hafa alla tíð verið hérna á skrifstofunni okkar í Villamartin á Orihuela Costa-svæðinu, þar sem við störfum enn í dag. Við erum líka svo lánsöm að hafa nýlega fengið son okkar, Birgir Hans Birgisson, til starfa hjá okkur. Hann er menntaður löggiltur spænskur fasteignasali, auk þess sem hann hefur lokið B.A.-prófi í alþjóðsamskiptum frá háskólanum í Valensía,“ segir Orra. „Hjá fyrirtækinu starfa einnig spænskur lögfræðingur og spænskur þjónustufulltrúi, auk afleysingastarfsfólks, sem meðal annars telur yngsta son okkar hjónanna.“

Áreynslulaust og ánægjulegt

Perla Investments selur aðallega nýtt íbúðarhúsnæði ásamt endursölueignum, en Orra segir þau leggja aðaláherslu á nýbyggingar vegna þess að það hafa orðið miklar framfarir í byggingargæðum á Spáni síðustu árin. „Það felur í sér aukid einangrunargildi og betra efnisval, sem þýðir lægri rekstrarkostnað, auk þess sem eignirnar eru betri fjárfesting til framtíðar,“ segir



Hjónin Auður Hansen og Orra Ingvasyni stofnuðu fasteignasölnuna Perla Investments þegar þau fluttu til Spánar árið 1999, svo þau búa yfir mikilli reynslu. MYNDIR/ÁSENDAR



Starfsfólk Perlu sér til þess að kaupin verði áreynslulaus og ánægjuleg frá fyrstu stundu.



Frá upphafi hafa stöðugleiki og gæði verið leiðarljós Auðar og Orra við reksturinn.

Spánn er mikil paradís fyrir golfáhugamenn, þar eru margir góðir vellir og alltaf veður til að spila.



Starfsfólk Perlu er á Spáni allan ársins hring og er því með viðskiptavinum þegar kaupin fara fram.

hann. „Við bjóðum fólki líka upp á aðstoð við að byggja sín eigin hús, hafi fólk áhuga á því.“ Auður segir að sérstæða fasteignasölnunnar felist ekki síst í því að starfsfólk hennar sjái til þess að kaupin verði áreynslulaus og ánægjuleg frá fyrstu stundu og sé til staðar þegar kaupin fara fram. „Við erum hér á Spáni allt árið um kring og sendum því íslenska viðskiptavinum okkar ekki út eina til að ganga frá kaupunum, heldur erum við til staðar og með viðskiptavinum á meðan kaupin fara fram,“ segir hún. „Auk þess eru

allir samningar þýddir og/eda túlkaðir yfir á íslensku fyrir kaupendur og fullkomið tvítyngi og skilningur á fasteignalögum á Spáni er sannarlega mikill styrkur sem endurspeglast í öllu daglegu starfi fasteignasölnunnar.“ „Við bjóðum alla velkomna í hóp ánægðra viðskiptavina okkar og hvetjum áhugasama til að kynna sér eignirnar og ferlið á vefnum okkar, perlainvest.com,“ segja Auður og Orra að lokum. ■



Í nýbyggingum er efnisval betra og einangrun meiri, sem þýðir lægri rekstrarkostnað, auk þess sem eignirnar eru betri fjárfesting til framtíðar.



Marga dreymir um að eiga sitt eigið afdrep á Spáni, annaðhvort til að heimsækja reglulega eða til að flytja suður í hlýrra loftslag.



Orra segir þau leggja aðaláherslu á nýbyggingar vegna þess að það hafa orðið miklar framfarir í byggingargæðum á Spáni síðustu árin.

Í fjallgöngu á stuttbuxum

Steinunn Harðardóttir er frumkvöðull á sviði gönguferða erlendis. Hún hefur farið með fjölmarga hópa til Spánar í göngur um Majororka, Pýreneafjöllin, Tenerife, Andalúsíu og Kanaríeyjar og segir það mikla upplifun.

sis@frettabladid.is

Steinunn fór í fyrstu ferðina með gönguhóp til Majororka árið 1993 og eftir það varð ekki aftur snúið. „Ég er leiðsögumaður að mennt og var mikið með hópa af sænskum líffræðingum sem voru á ferðalagi hér á landi. Þeir komu hingað eftir ferðalag til Majororka og töluðu mikið um hvað það væri fallett þar. Ég hélt að þessi eyja væri bara einn stór sandkassi, en þetta varð til þess að vekja áhuga minn á henni,“ segir Steinunn, en hún á og rekur Göngu-Hrólf, sem skipuleggur göngur hér heima og erlendis.

Steinunn og fyrrverandi eiginmaður hennar höfðu samband við sænsku ferðaskrifstofuna sem skipulagði bæði ferðirnar til Majororka og Íslands og fengu að hoppa með í eina ferð. „Sonur okkar fór með og við vorum aðallega í fjöllum í norður- og vesturhluta Majororka. Við heilluðumst alveg af þessu svæði og vildum leyfa fleirum að njóta þess með okkur. Við fórum út með vinum og fjölskyldu og í kjölfarið á því höfum við samstarf við Úrval Útsýn. Á tímabili fórum við í fjórar til sex ferðir með hópa á ári, bæði á vorin og haustin en á þessum tíma voru ekki aðrir sem buðu upp á svona gönguferðir,“ segir hún.

Kæla sig niður á fjöllum

Síðar bættust við gönguferðir um Pýreneafjöllin, sem skilja Íberískagagn frá meginlandinu og mynda náttúrleg landamæri á milli Spánar og Frakklands, og einnig um Tenerife, Andalúsíu og Kanaríeyjar, en Steinunn segist mest hafa verið á Majororka og í



Steinunn segir forréttindi að kynnst litlu svæði vel og fylgjast með náttúrunni og hvernig hún breytist eftir árstíðum.

MYND/ADSEND

”Ef ég hitti á eldra fólk spurði ég oft hvaða leiðir það sjálf færi á milli þorpa og þannig kynntist ég gömlum þjóðleiðum.

Pýreneafjöllum. Árið 2018 fór hún svo í Montserratfjöllin í Katalóníu, sem hún segir frábært svæði rétt hjá Barcelona.

„Í Pýreneafjöllum hef ég farið í einstakar göngur um tvo þjóðgarða, sem eru í Katalóníu og Aragóníu. Umhverfið er sérlega fjölbreytt og kemur sífellt á óvart. Fjöllin eru há með hvasrar eggjar yfir fagurbláum vötnum og djúpum dölum, og gróðurfarið er einstakt,“ segir Steinunn.

Vedursældin er mikil á Spáni og Steinunn segir gott að fara upp í fjöllin yfir hásumarið til að kæla sig aðeins niður.

„Ég fór til dæmis með hópa upp í Pýreneafjöllin í byrjun júlí. Margir héldu að þá væri of heitt, en svo er ekki. Þorpin þarna eru



Á Spáni eru fjölmargar skemmtilegar gönguleiðir sem vert er að kynna sér nánar, að sögn Steinunnar. Hún mælir með að skoða vel leiðarlýsingar til að átta sig á vegalengdum og erfiðleikastigi göngunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

í fimmtán hundruð metra hæð og þar er ekki eins heitt og við ströndina. Göngurnar voru ýmist um fjalllendi eða á milli þorpa,“ segir Steinunn, sem var ófeimin við að fá ráðleggingar frá heimamönnum varðandi göngurnar. „Ef ég hitti á eldra fólk spurði ég oft hvaða leiðir það sjálf færi á milli þorpa og þannig kynntist ég gömlum þjóðleiðum,“ segir hún.

Göngurnar um Spán leiddu Steinunni til fleiri staða með ferðalanga, svo sem Krítar, Toskana á Ítalíu og til Tyrklands, en ferðir þangað voru mjög vinsælar.

Þegar Steinunn er spurð hvað sé heillandi við gönguferðir á Spáni stendur ekki á svari: „Upphaflega var það hitinn sem heillaði. Það er svo frábært að geta farið í fjallgöngur á stuttbuxum. Ég veit fátt

skemmtilegra en göngur, og mér finnst forréttindi að fara og kynnst litlu svæði vel, vita hvenær komið er í næsta þorp og fylgjast með náttúrunni og hvernig hún tekur breytingum eftir árstíðum. Það færir manni miklu dýpri upplifun að kynnst landinu með því að ganga um það. Ég hef lagt mikið upp úr því að finna litlar og persónulegar ferðaskrifstofur sem ég hef unnið með í gegnum tíðina,“ segir hún. Undanfarin ár hefur Steinunn átt gott samstarf við ferðaskrifstofuna Vita.

Ekki lenda í ógöngum

Á Spáni eru fjölmargar gönguleiðir sem vert er að kynna sér nánar. Steinunn segir einfalt að finna þær á netinu og mælir með að lesa leiðarlýsingar vel og skoða

sérstaklega lengd og erfiðleikastig. „Það er gott að fara í göngur sem eru í hring, það er sem byrja á sama stað og gangan endar. Með því að kynna sér leiðarlýsingar er minni hættu á að lenda í einhverjum ógöngum,“ segir hún.

Þessa dagana hefur Steinunn einbeitt sér að gönguferðum innanlands. „Ég fer gjarnan með hópa í léttar göngur á höfuðborgarsvæðinu, svo sem um Búrfellsgjá og meðfram strandlengjunni. Einnig fer ég með hópa að gosinu. Svo er ég nýkomin úr pílgrímagöngu frá Þingvöllum yfir í Skálholt, sem var stórkostlegt. Gangan sú er í tengslum við Skálholtshátíð. Um næstu helgi ætla ég að ganga í kringum Bæ í Borgarfirði á vegum Göngu-Hrólf,“ segir Steinunn. ■

Ástæður til að búa á Spáni

Spánn er líklega vinsælasti sumardvalarstaður Íslendinga og það er engin furða að marga Frónbúa dreymi um að vera þar allan ársins hring. En hvernig ætli það sé í raun og veru að búa á Spáni og hvers vegna flytja svo margir þangað?

oddurfreyr@frettabladid.is

Spánn er fjölbreytt og fjölmenningsarlegt land þar sem síðir, venjur og tungumál eru ólík milli svæða. Í suðrinu er lífsstíllinn almennt afslappaðri og siestan í hávegum höfð, á meðan lífið gerist hraðar í norðrinu. En það eru nokkrir þættir sem eiga almennt við um allt landið.

Bongóblíða og fegurð

Á Spáni skín sólin næstum alla daga og veturnir eru ekki kaldir. En Spánn er ekki bara sandur og sól, heldur er landslagið mjög fjölbreytt og veðurfarið ólíkt milli svæða, þannig að hver getur fundið eitthvað við sitt hæfi. Plöntulífið á Spáni er líka fjölskrúðugt allan ársins hring, sem fegrar umhverfið.

Menning og saga

Saga Spánar er víðburðarík og fjölbreytt, en ýmsir ólíkir hópar fólks hafa stjórnað landinu í gegnum árþúsundin. Fyrir vikið hefur hvert



Það eru margar góðar ástæður fyrir því að kjósa að búa á Spáni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

”Sólskinið, Miðjarðarhafsmataræðið og afslappaður lífsstíll eru allt ástæður fyrir því að Spánverjar lifa lengur en flestar aðrar þjóðir.

Gott næturlíf

Næturlífið á Spáni er frægt. Spánverjum finnst gaman að djamma og frægustu plötusnúðarnir heim-sækja spænskar borgir reglulega. En auk næturklúbba er líka alltaf mikið líf á veitingastöðum og það skemmir ekki fyrir að maturinn á Spáni er almennt frábær og spænsk vín eru talin meðal þeirra bestu í heimi.

Gott skólakerfi

Grunn- og framhaldsskóli eru skylda á Spáni og það eru ókeypis ríkisskólar í boði fyrir alla íbúa, en þar er einungis kennt á spænsku. Þeir sem vilja senda börn í skóla á öðru tungumáli eða njóta annarra fríðinda geta nýtt sér einkaskóla, sem eru vinsælir á Spáni, en þá er aðallega að finna í stórborgunum. Á Spáni eru líka mjög góðir háskólar, en líkt og hér á Íslandi er háskólamenntun ekki ókeypis. ■

svæði sína ólíku sögu og menningu og því er hægt að sjá ótrúlega mikið af alls kyns fornminjum, gömlum listaverkum, söfnum, sögulegum stöðum og mögnum arkitektúr á Spáni.

Frábær heilbrigðisþjónusta

Allir íbúar Spánar fá góða ókeypis heilbrigðisþjónustu. Þegar þarf að leita til sérfræðinga er það líka almennt ódýrara en á öðrum Vesturlöndum.

Mikil lífsgæði

Það er mikið talað um lífsgæðin á Spáni. Sólskinið, Miðjarðarhafsmataræðið og afslappaður

lífsstíll eru allt ástæður fyrir því að Spánverjar lifa lengur en flestar aðrar þjóðir. Mjög víða er siestan höfð í heidri, sem þýðir að tíminn milli tvö og fjögur er hvíldartími, líka á virkum dögum. Fólk byrjar almennt að vinna klukkan 10 á morgnana og hættir klukkan 20, en það er líka algengt að Spánverjar vinni bara 35 stundir á viku. Spánverjar vilja njóta lífsins, taka því rólega og forðast streitu. Það er yfirleitt kostur, en getur samt orðið ókostur þegar liggur á.

Ódýrt að lifa

Það er ekki dýrt að vera til á Spáni. Matur, skemmtun og hús-

næði er allt mun ódýrara en í öðrum Evrópulöndum. Þetta er stór hluti af ástæðunni fyrir því að landið er svo vinsælt hjá þeim sem vilja flytja frá heimalandinu. Það er líka ekki þörf á að vera á bíl í borgunum, því þar eru góðar almenningssamgöngur.

Nóg af húsnæði

Það er mikið framboð af húsnæði á Spáni þannig að það er úr nægu að velja, sama í hvaða verðflokkki fólk er að leita. Það er bæði mikið af ódýrum húsum og íbúðum og líka fínum. Fasteignamarkaðurinn á Spáni er fjölbreyttur og býður upp á mikið af tækifærum.



GLÆSILEGAR EIGNIR Í CIUDAD QUESADA/ TORREVEIJA

- Í þessu glæsilega verkefni eru nokkur model í boði, meðal annars jarðhæð með garði og fyrsta hæð með þaksvölum.
- Einstakt útsýni er úr íbúðum.
- Íbúðirnar eru þriggja til fjögurra herbergja, með tveimur til þremur og hálfu baðherbergi, þar af eitt „en-suite“.
- Eldhúsið er opið og í flæði með stofu og svölum.
- Jarðhæð er með 80 fm svölum með einkasundlaug.
- Efri hæð hefur möguleika á einkasundlaug á 50 fm þaksvölum.
- Í sameign er inni og úti sundlaug, líkamsrækt, grillaðstaða, sauna og fleira.

Verð frá 250.000 €

Nánari upplýsingar veitir:
Matthildur Sunna Þorláksdóttir
lögfræðingur og lögg. fasteignasali
í síma 690 4966 eða matthildur@stakfell.is



Ljúfur lífsstíll í sólinni

Sala á fasteignum á Spáni hefur verið lífleg enda góður tími til að fjárfesta um þessar mundir. Gott veðurfar og hagstætt verðlag dregur marga íbúa Norðurlanda til Spánar. Þá hefur aukin fjarvinna gefið fólki kost á að starfa langt frá vinnustaðnum.

Aðalheiður Karlsdóttir, löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri Spánareigna sem er íslensk fasteignasala, hefur sérhæft sig í sölu fasteigna á Spáni til Íslendinga í tuttugu ár og er því öllum hnútum kunnug þegar kemur að slíkum kaupum. „Ljúfur lífsstíll í Spánarsólinni heillar fleiri og fleiri Íslendinga og við höfum síðustu misserin orðið vör við verulega aukinn áhuga fólks á að eignast sitt eigið heimili á Spáni, sérstaklega eftir að flestir eru fullbólusettir og þyrstir í ferðalög til heitari landa,“ segir Aðalheiður og bætir við að Íslendingar vilji í auknum mæli hafa fastan samastað á Spáni. „Með því að fara beint í eigið húsnæði getur fólk lágmarkað alla sameiginlega fleti og dregið úr áhættunni á því að smitast af covid,“ segir hún.

Núna er mjög góður tími til að kaupa húseign á Spáni

„Það er mjög góður tími til að kaupa fasteignir á Spáni um þessar mundir, verðin eru enn góð en við sjáum hækkunir í kortunum. Salan hefur verið lífleg að undanförunu og fer vaxandi. Fólk virðist vera að endurhugsa margt í kjölfar Covid og horfir til lífsgæða á annan hátt en áður. Fleiri og fleiri geta sinnt fjarvinnu í gegnum netið og það opnar ný tækifæri og eykur sveigjanleika í búsetu. Að eiga heimili í sólinni er orðið mun eftirsóttara hjá íbúum Norður-Evrópu og Skandinavíu og spilar þar margt inn í, en sennilega aðallega veðrið og veðrið,“ segir hún.

„Íslendingar virðast vera á sömu línu og nágrannabjóðir okkar, enda mikil lífsgæði fólgin í því að eiga heimili í sólinni. Sjálf get ég alveg tekið undir það, enda búin að njóta þess að eiga mitt annað heimili á Spáni í rúm 20 ár og hefði ekki viljað fara á mis við það, enda átt þar fjölmargar sælustundir með fjölskyldu og vinum. Veðrið á allri neytluvöru er mjög hagstætt og sólin skín yfir 300 daga á ári. Mér finnst aldrei eins og ég sé í vinnunni þegar ég er með viðskiptavinum, ég hef mikla ánægju af því að deila með öðrum góðri reynslu minni af því að eiga heimili í sólinni og aðstoða fólk við að velja það sem hentar því best.“

Áralöng reynsla og traust

„Við hjá Spánareignum höfum selt fasteignir á Spáni frá því 2001 og höfum því yfirgripsmikla þekkingu og góð sambönd sem nýtist viðskiptavinum okkar vel. Við erum með skrifstofu á Íslandi og fólk finnst þægilegt að byrja ferlið á því að koma til okkar í kaffi og persónulegt spjall og fá upplýsingar um hvað er í boði, eignir og staðsetningar, og hvernig kaupferlið gengur fyrir sig, áður en það bókar skoðunarferð til Spánar,“ upplýsir Aðalheiður og bætir við að það sé ekki flókið að kaupa fasteign á Spáni. „Engu að síður er afar mikilvægt að fá aðstoð fagfólks til að allt gangi vel upp og forðast óþarfa vandamál,“ segir hún.

„Við aðstoðum viðskiptavinum okkar við allt kaupferlið, frá upphafi til enda, allt frá því að við förum yfir kaupóskir, mismunandi tegundir eigna og staðsetningu, verð, skipulag skoðunarferðar og þar til skrifað er undir kaup-



Falleg einbýlishús við La Finca golfvöllinn á frábæru verði. Stílhrein hönnun og fagaður glæsileiki. Stutt á golfvöllinn og notalegur þjónustukjarni með verslunum og veitingastöðum í göngufæri. Hægt er að velja um mismunandi stærðir á einbýlishúsum eða íbúðum á þessu frábæra svæði.



Á Las Colinas er fjölbreytt úrval af fallegum íbúðum með frábæru útsýni yfir golfvöllinn. Starfsfólk Spánareigna veitir persónulega þjónustu við kaupin.

Um þessar mundir eru vextir hagstæðir og hægt er að tryggja fasta vexti á lánum til allt að 20-25 ára, sem auðveldar fólki kaupin og verðtryggð lán þekkjast ekki á Spáni. Höfuðstóll lánsins lækkar við hverja afborgun og eigið fé í eigninni eykst.

samning, lykjar afhentir og afsal gefið út. Við tökum líka þátt í kostnaði við skoðunarferðina fyrir okkar viðskiptavinum. Enn fremur veitum við ráðgjöf í sambandi við fjármögnun á fasteignakaupum og erum í samstarfi við góða aðila á því sviði, til að tryggja bestu lánakjörin sem í boði eru hverju

sinni. Um þessar mundir eru vextir hagstæðir og hægt er að tryggja fasta vexti á lánum til allt að 20-25 ára, sem auðveldar fólki kaupin og verðtryggð lán þekkjast ekki á Spáni. Höfuðstóll lánsins lækkar við hverja afborgun og eigið fé í eigninni eykst.

Einnig aðstoðum við okkar viðskiptavinum við kaup á húsgögnum, útvegun á NIE-númerum (spænsk kennitala) opnun á bankareikningi, beingreiðslur neyslureikninga og fleira sem þarf til að allt gangi vel fyrir sig,“ segir Aðalheiður en þannig getur fólk verið áhyggjulaust þegar það fer í fasteignakaupin.

Persónuleg þjónusta

Lögd er sérstök áhersla á persónulega þjónustu fyrir hvern. „Þarfir viðskiptavinum eru mismunandi og við viljum sinna hverjum og einum fyrir sig. Viðskiptavinir okkar hafa verið mjög ánægðir með þjónustuna í gegnum árin, enda fáum við í dag flesta nýja viðskiptavinum til okkar vegna meðmæla frá eldri viðskiptavinum. Það finnst okkur best.“



Það getur verið notalegur lífsstíll á Spáni.

Ungt fólk sækir í betri lífsgæði

„Kaupendahópurinn hefur verið að breytast nokkuð síðustu árin og nú er til að mynda mun yngra fólk að kaupa sér eign í sólinni en áður. Fólk vill ekki bíða þar til það fer á eftirlaun, heldur fara í þetta strax, enda getur það þá fengið lengri og hagstæðari lán og á þá jafnvel eignina sína skuldlaus þegar það fer á eftirlaun, sem einfaldar eftirlaunaárin og eykur lífsgæðin verulega. Þannig er líka hægt að njóta þess að vera í sólinni með börnunum sínum á meðan þau eru enn ung, og síðan taka barnabörnin við, enda ekkert betra en að vera hjá ömmu og afa á Spáni, busla í sundlauginni eða á ströndinni og fá sér is,“ segir Aðalheiður og talar af reynslu.

„EKKI MÁ GLEÝMA ÖLLUM SEM TAKA SÍNAR Fyrstu golfsveiflur í sólinni, enda hægt að spila golf í góðu veðri allt árið. Alls kyns útivera og íþróttir heilla líka marga, hjólríðafólk og göngugarpar finna sína paradís á Spáni. Á vissan hátt má því líta á fasteignakaup á Spáni sem langtímafjárfestingu í lífsgæðum.“

Við höfum einnig orðið vör við það í auknum mæli að fólk er að kaupa fasteign á Spáni með það

í huga að flytja alfarið út, lífsgæði fyrir ungt fólk með börn eru umtalsverð. Hægt er að fá góða fasteign fyrir mun lægra verð en á Íslandi. Skólakerfið og heilbrigðisþjónusta er mjög gott, biðlistar þekkjast varla, og auðvelt að vera með börn á Spáni. Við erum til dæmis með íslenskan starfsmannabúsettan á Spáni með tvö börn, sem er öllum hnútum kunnugur þar og hefur gefið mörgum góð ráð í því sambandi.

Eldra fólk flytur líka í auknum mæli alfarið til Spánar, enda finnur það vel fyrir því hversu góð áhrif hitinn hefur á kroppinn, sérstaklega yfir vetrarmánuðina, og eftirlaunin leyfa meiri lúxus.

Ýmis tækifæri í sólinni

Sömuleiðis færast það í vöxt að fólk kaupi fasteignir á Spáni til að fjárfesta, nýtir þá eignina sjálft hluta úr ári og leigir hana síðan út og nær þannig að reka eignina og fjármagna að miklu leyti. Í þessu sambandi eru það oftast einstaklingar, en líka stórfjölskyldan eða samhentir vinir, sem kaupa saman.

Enn fremur höfum við í auknum mæli verið að aðstoða stórtækari fjárfesta við að setja upp fyrirtæki á Spáni til að kaupa fasteignir og

reka þær í atvinnuskyni, enda ýmis spennandi tækifæri fölgja í því. Íslensk fyrirtæki, starfsmannafélög og orlofsjóðir hafa líka verið að kaupa hjá okkur eignir fyrir sitt fólk og opnar það ný tækifæri fyrir launafólk að geta eytt sumarleyfinu sínu á Spáni án þess að það kosti of mikið. Í því felst mikil kjarabót sem skilar ánægðara starfsfólki til fyrirtækisins.“

Rétt eign skiptir öllu máli

„Góð staðsetning skiptir ekki minna máli en góð fasteign og leggjum við mikla áherslu á að ráðleggja fólki vel í því sambandi. Eignir við strönd eða golfvelli eru alltaf vinsælar, og margir vilja vera í göngufæri við verslanir og veitingastaði, en það er samt alls ekki krafa frá öllum. Sumir velja rólega staði og vilja vera meira út af fyrir sig. Margir kjósa að láta eignina snúa á móti sól, aðrir kjósa skuggann. Það er því mikilvægt að geta boðið upp á fjölbreytni í gerð fasteigna og ýmsar staðsetningar. Íbúðir, lítil sérbylí og stærri einbylíshús eru það sem fólk er helst að kaupa og nýjar eignir eru mun vinsælli en endursöluveittir, þó þær seljist alltaf líka, ef þær eru í góðu ástandi og vel staðsettar.

Góðar eignir á golfvöllum hafa verið að seljast vel að undanfögnu, til dæmis við Las Colinas, La Finca og Vistabella golfvöllina. Margir kjósa að vera nálægt strönd og þar erum við með sérlega vandaðar og góðar íbúðir, meðal annars í Flamenca Village sem er í örstuttu göngufæri við fallega strönd, vinsælu verslunarmiðstöðina, La Zenia Boulevard, og laugardagsmarkaðinn á Playa Flamenca. Einnig erum við með frábærar íbúðir og lítil sérbylí við stendurnar í Mil Palmeras og Dehesa de Campoamor, svo eitthvað sé nefnt. Villamartin og Cabo Roig eru einnig vinsælir staðir og þar er hægt að velja úr fjölbreyttu úrvali eigna.

Smábær líka vinsælir

Við verðum líka vör við að fólk kys í auknum mæli að kaupa fasteignir í spænskum smábæjum, eins og Benijofar, Dona Pepa, Ciudad Quesada, Los Alcazares eða Daya Nueva. Einnig hefur Torre Vieja-borgin sjálf verið að aukast í vinsældum og getum við boðið upp á mjög skemmtilegar miðborgaríbúðir á góðum verðum, alveg við ströndina þar. Einnig má nefna glæsilegar nýjar íbúðir við ströndina í Benidorm fyrir þá sem vilja vera í smáfjöri, og notalegar íbúðir á góðu verði við ströndina í Almería fyrir þá sem kjósa meiri rólegheit og góða aðstöðu til útiveru og íþróttaiðkunar,“ bendir Aðalheiður á.

„Það er því úr mörgu að velja og við leggjum áherslu á að fara vel yfir hvað hentar hverjum viðskiptavini best. Aukið framboð á beinu flugi á milli Íslands og Alicante hefur líka mikið að segja um áhuga fólks á fasteignakaupum á Costa Blanca svæðinu og við höfum tekið eftir því að fólk er í auknum mæli að selja eignirnar sína á Flórída og færa sig yfir til Spánar.“

Ný vefsíða

„Nýlega settum við í loftið nýja heimasíðu, spanareignir.is, þar sem við leggjum áherslu á að kynna fjölbreytt úrval af sérvöldum eignum og skoðum vel allar eignir sem þar fara inn til að tryggja að þær standist okkar kröfur um það sem við viljum bjóða viðskiptavinum okkar. Við staðsetjum líka eignirnar inn á kort af svæðinu, þannig að viðskiptavinurinn sjái staðsetninguna.

Spánareignir eru í samstarfi við alla helstu byggingaraðilana á svæðinu og tryggir það viðskiptavinum okkar góða yfirsýn



Fallegar íbúðir og glæsileg sameign í Flamenca Village njóta mikilla vinsælda. Sundlaugargarður með mörgum sundlaugum, heitum pottum, leiksvæði fyrir börnin, göngu- og skokkleiðum, veitingastöðum og verslunum inni á lokuðu svæði. Örstutt göngufæri á ströndina, La Zenia Boulevard og laugardagsmarkaðinn á Playa Flamenca. Hagstæðir húsgagnapakkar eru í boði fyrir viðskiptavinum Spánareigna. Verðið á allri neysluvöru er mjög hagstætt og veðrið frábært.

” Góðar eignir á golfvöllum hafa verið að seljast vel að undanfögnu, til dæmis við Las Colinas, La Finca og Vistabella golfvöllina.



Aðalheiður Karlsdóttir er löggiltur fasteignasali og eigandi Spánareigna.

MYNDIR/AÐSENDAR

yfir allt það helsta sem er í boði hverju sinni. Það er nauðsynlegt til að hægt sé að velja bestu eignina fyrir hvern og einn. Viðskiptavinir okkar kaupa eignina beint af byggingaraðilanum, en ekki í gegnum breskar eða spænskar fasteignasölur sem milliliði, það tryggir hagstæðasta verðið og bestu þjónustuna.

Góðar upplýsingar

Á heimasíðunni okkar er einnig að finna góðar upplýsingar um kaupferlið, lánamöguleika og hvernig best er að vinna það. Við aðstoðum viðskiptavinum okkar í gegnum allt það ferli, greiðslumat og fleira og erum í samstarfi við góða lögfræðistofu á Spáni sem gætir hagsmuna viðskiptavina okkar í einu og öllu. Það er líka ákveðið öryggi í því að hafa löggiltan íslenskan fasteignasala sér við hönd í ferlinu.

Við laumum líka stundum inn á heimasíðuna ýmsum áhugaverðum fréttum, ábendingum um góða veitingastaði, golfvelli eða jafnvel spænskum mataruppskriftum. Þarna nýtist menntun og áralöng reynsla starfsfólks Spánareigna, fagmennska og traust, viðskiptavinum okkar vel enda eru ánægðir viðskiptavinir okkar besta auglýsing,“ segir Aðalheiður og ítrekar að fasteign á Spáni sé langtímafjárfesting í lífsgæðum. ■

Nánar upplýsingar má skoða á www.spanareignir.is



Íbúðir og sérbylí með tveimur eða þremur svefnherbergjum, tveimur eða þremur baðherbergjum og sameiginlegum sundlaugargarði njóta mikilla vinsælda um þessar mundir. Spánareignir bjóða upp á gott úrval eigna á ýmsum stöðum á mjög hagstæðu verði, alveg niður í 25-30 milljónir.



Armani-villan Morning Breeze, á Las Colinas-golfvöllinum, hönnuð af Monicu Armani. Fullkominn glæsileiki sem vakið hefur mikla athygli. Las Colinas var valinn besti golfvöllur á Spáni árið 2020.

Þú finnur draumaeignina á Costa Blanca hjá Eignalind

COSTA BLANCA

Erum í samstarfi við við alla helstu
verktaka á Costa Blanca svæðinu og
getum boðið frábær verð og greiðslukjör.

TM - Trivee - GEOSEM (Las Colianas)
Palapa Golf - Valentino Golf - Navasaez - Urmosa



TRIVEE
— PROPERTIES —

- ▶ Skoðaðu nýjar eignir og allt um kaupferlið á Eignalind.is & Sumareignir.is
- ▶ Löggiltir fasteignasalar með þér alla leið í ferlinu með uppí 35 ára reynslu af sölu fasteigna.
- ▶ Allt að 70% lán við kaup á nýrri eign.
- ▶ Við skipuleggjum skoðunarferð sem hentar þér sem verður endurgreidd við kaup á nýrri eign frá okkur.
- ▶ Inná www.Sumareignir.is finnur þú yfir 1.000 eignir til sölu á Costa Blanca.

Þú getur skoðað
mikið úrval eigna
inná Sumareignir.is
eða fangað kóðann



Við erum alltaf við símann.

616 8880

Sigurður Oddur Sigurðsson
Löggiltur fasteignasali

Ágústa Guðrún Ásbjörnsdóttir
Sölustjóri fasteigna á Spáni



Sumareignir

SUMARTILBOÐ



399.990 áður 453.990

BMC Alpenchallenge AMP City Four rafhjól

Tilbúið á götuna með brettum, bögglaþera og innbyggðum ljósum. Drægi allt að 120 km.



Breyttu um lífsstíl



Peloton ehf • Klettagarðar 23 • www.peloton.is

PELTON

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-250þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Garðyrkja

SLÁTTUVÉLAVIÐGERÐIR & SMÁVÉLAVIÐGERÐIR



Áratuga reynsla í viðgerðum á smávélum

SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjoppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is | www.accountant.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald



LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

HÚSA - VIÐGERÐIR

NÝSMÍÐI-VIÐGERÐIR-VIÐHALD AD UTAN SEM INNAN

- * STEYPU/MÚRVIÐGERÐIR
- * KLÆÐNINGAR : ÞOK / VEGGI
- * GLUGGAR/GLER
- * INNRETTINGAR OG FL.

ÓRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA 30 ÁRA REYNsla

TILBOÐ - TÍMAVINNA

UPPL. S : 8583300 serfagehf@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



STIGA Einstök gæði

Stiga TwinClip 50SQB
Lúxus sláttuvél með drifi B&S mótör 625EXI, 2,27kW
Tvískiptur hnifur, slær X-smátt 70 ltr.notendavænn graskassi Frábær sláttuvél

Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Ukulele á tilboði

Mikið úrval
Verð við allra hæfi



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

LÚSMÍY?

Haltu loftinu á hreyfingu

Verðin gilda á meðan birgðir endast



Ótrúlega öflugar og hjóðlátar

29.990 kr
(var 33.601 kr)



Jet 1 - 105 cm

21.990 kr
(var 23.075 kr)



13.898 kr
(var 15.898 kr)



24.990 kr
(var 27.367 kr)



Svört standvifta

9.621 kr
(var 10.982 kr)



54.990 kr
(var 59.870 kr)

VERSLAÐU BEINT Í VEFVERSLUN: VIFTUR.IS



Íshúsið



viftur.is
-andaðu léttar



KING KOIL


20%

AFSLÁTTUR



KOMDU NÚNA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

Veðurspá Þriðjudagur



Vestan og suð-vestan 5-10, en 10-18 norð-vestantil, hvassast á Ströndum. Skýjað og sums staðar dálitil súld vestanlands, en bjart með köflum annars staðar. Híti 10 til 24 stig, hlýjast á Suðaustur- og Austurlandi. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 snikjudýr
- 5 hrið
- 6 tveireins
- 8 skók
- 10 sön
- 11 ábreiða
- 12 sýnt
- 13 lýð
- 15 áhugamaður
- 17 félagi

LÓÐRÉTT

- 1 einangra
- 2 mót
- 3 vagnhlass
- 4 bakatil
- 7 rjálari
- 9 ætt
- 12 lauf
- 14 hljóma
- 16 mjöður

1	2	3	4		
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1arfæta, 5fok, 6ff, 8hrst, 10om, 11lak, 12b
 LÓÐRÉTT: 1arfhoífa, 2form, 3æk, 4ftan, 7fikt-
 ar, 9slekti, 12blað, 14óma, 16ól.

Baskaran Adhiban átti leik gegn Neuris Delgado Ramirez á Heimsbikarmóttinu í skák.

24. Dh7+!! 1-0. Svartur gaf því hann er mát eftir 24...Rxh7 25. Bxh7+ Kh8 26. Hxf8+. Hjörvar Steinn Grétars-son féll úr leik eftir tap gegn Maxim Matlakov í 2. umferð. Hannes vann alþjóðlegt mót í Prag sem lauk í fyrra-
dag.

www.skak.is: Heimsbikarmótið. ■

Sudoku

	5		3					1
			3	6	1		2	9
7			8					
4	7					6		
3				4			1	
	1		2	3		4		5
5	7						2	8
	8	2	1	7		5		
		4						

		5			6	7		
1	2	9		7				8
								9
	3							4
		6				9	5	
8	7		1		3			
		4		2	9		6	
9	1	5						4
								8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



FRÉTTABLAÐIÐ 20 ÁRA

NÁÐU TIL FJÖLDANS!

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins.* Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem Fréttablaðinu er dreift í heimahús, eru yfirburðirnir ótvíræðir. Hafðu samband og við aðstoðum þitt fyrirtæki við að ná til fjöldans.

Sími: 550 5050 –soludeild@frettabladid.is

44%

18-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

49%

35-65 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

68%

55-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*





STERKARA TEIKNIFORRIT Hvað er planið?

Hannaðu þinn eigin garð
á www.steypustodin.is
Sími: 4 400 400



STEYPUSTÖÐIN

STERKARI LAUSNIR

RÝMINGARSALA Á GARÐHÚSGÖGNUM 30-50% AFSLÁTTUR



130.193 kr.
~~185.990 kr.~~

LEONE ÚTIHORNSÓFI MEÐ SÓFABORÐI

Stærðir
Sófi: 203 x 203 x 80 cm
Sófaborð: 70x70x30 cm

BALI ÚTISÓFI MEÐ HÁU BORÐI



Stærðir
Borð: 144,5 x 74,5 x 67 cm.
Sófi: 236 x 179 x 67 cm.

69.995 kr.
~~139.990 kr.~~

BERMUDA ÚTISÓFASETT MEÐ BORÐI OG SKAMMELI



Stærð horneininga:
154,5 x 83 x 66 cm
Stærð ferköntuðu
eininganna: 83 x 83 cm.

95.994 kr.
~~159.990 kr.~~



HÚSGAGNA
HÖLLIN

Sími: 558 1100

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga
Ísafjörður Skeiði 1

DAGSKRÁ

20. júlí 2021 ÞRIÐJUDAGUR

Þriðjudagur

Hringbraut

- 18.30 **Heyrnin (e) fyrri hluti**
19.00 **Matur&Heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
19.30 **Eldhugar (e)** Í Eldhugum er farið með viðmælendur út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.
20.00 **Keppnin: Besti maturinn (e)** Sigildur þáttur frá fyrri árum Hringbrautar þar sem Vala Matt fékk til sín þjóðþekkt einstaklinga sem kepptu um að gera besta matinn.

RÚV Sjónvarp

- 11.00 **Heimaleikfimi**
11.10 **Sumarlandabrot**
11.15 **Hraðfréttir**
11.25 **Pricebræður bjóða til veislu**
12.00 **Með sálina að veði - Berlin**
13.00 **Strandir**
13.35 **Steinsteypuöldin**
14.05 **Tobias og sætabrauðið - Ungverjaland.**
14.35 **Gleðin í garðinum**
15.05 **Rick Stein og franska eldhúsið**
16.05 **Átta raddir** Bjarni Thor Kristinsson.
16.45 **Andri á flandri - Í Vesturheimi** Nýja Ísland.
17.20 **Á götunni**
17.50 **Tákn málsfréttir**
18.00 **KrakkaRÚV**
18.01 **Handboltaáskorunin**
18.13 **Bitið, brennt og stungið**
18.28 **Hönnunarstirnir**
18.46 **Bílskúrsbras**
18.50 **Sumarlandabrot 2020**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.40 **Sumarlandabrot**
19.45 **Ólympíukvöld ÓL 2008**
20.30 **Soð í Dýrafirði** Kristinn og Janus fara í haustlitaferð að Núpi en stoppa fyrst á bænum Höfða. Þar hitta þeir Öllu sem gefur þeim hræfni sem hún tíndi og bjó til. Að lokum fá þeir sér að borða í elsta skrudgarði landsins, Skrudði.
20.50 **Innlit til arkitekta - Maria Axelsson Hemma hos arkitekten**
21.30 **Dagbók smákrinna Måste Gitt12**
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veður**
22.20 **Skylduverk Line of Duty** Sjötta þáttaröðin af þessum vinsæla spennumyndaflokk frá BBC um lögreglumann sem ásamt samstarfskonu sinni er falið að rannsaka spillingu innan lögreglunnar. Þættirnir hafa unnið til ýmissa verðlauna og endurtekið slegið áhorfsmet í heimalandi sínu, Bretlandi. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.20 **Þýskaland '86**
00.05 **Dagskrárlok**

Stöð 2 Golf

- 10.00 **Herminator Invitational**
10.40 **Herminator Invitational**
11.15 **The Open Championship** Opna breska.
15.15 **The Open Championship** Opna breska.
18.15 **The Open Championship** Opna breska.
21.15 **Golf with a Purpose Charity Challenge**
23.45 **PGA Tour Profiles**

Sjónvarp Símans

- 06.00 **Síminn + Spotify**
12.30 **Dr. Phil**
13.15 **The Late Late Show**
14.00 **The Block**
15.05 **90210**
15.50 **American Housewife**
16.15 **Young Rock**
16.50 **The King of Queens**
17.10 **Everybody Loves Raymond**
17.35 **Dr. Phil**
18.20 **The Late Late Show**
19.05 **The Block**
20.10 **Vínátta**
20.40 **The Moodys**
21.10 **Younger**
21.40 **Bull**
22.30 **Love Island**
23.20 **The Royals**
00.05 **The Late Late Show**
00.50 **Ray Donovan**
01.40 **Love Island**
02.35 **Normal People**
03.05 **Station 19**
03.50 **Love Island**

RÚV Rás eitt

- 06.45 **Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 **Morgunvaktin**
07.00 **Fréttir**
07.30 **Fréttayfirlit**
08.00 **Morgunfréttir**
08.30 **Fréttayfirlit**
09.00 **Fréttir**
09.05 **Segðu mér** Jón Gunnar Ólafsson
09.45 **Morgunleikfimi**
10.00 **Fréttir**
10.03 **Veðurfreginir**
10.13 **Á reki með KK**
11.00 **Fréttir**
11.03 **Sumarmál. Fyrri hluti**
12.00 **Fréttir**
12.03 **Það sem skiptir máli** Innlendingur
12.20 **Hádegisfréttir**
12.42 **Hádegjð Fyrri og seinni hluti**
13.00 **Dánarfreginir**
13.02 **Sumarmál. Seinni hluti**
14.00 **Fréttir**
14.03 **Lofthelgin**
15.00 **Fréttir**
15.03 **Frjálsar hendur**
16.00 **Síðdegisfréttir**
16.05 **Tengivagninn**
17.00 **Fréttir**
18.00 **Kvöldfréttir**
18.10 **Brot úr Morgunvaktinni**
18.30 **Krakkakastið** Stjörnu Sævar
18.50 **Veðurfreginir**
18.53 **Dánarfreginir**
19.00 **Sumartónleikar** Orchestra della Svizzera italiana
20.30 **Segðu mér** Jón Gunnar Ólafsson
21.20 **Íslendingasögur** Sumir lærðu að borða með hnifapörum
21.40 **Kvöldsagan. Sögukaflar af sjálfum mér** (16 af 23)
22.00 **Fréttir**
22.05 **Veðurfreginir**
22.10 **Sumarmál. Fyrri hluti**
23.05 **Sumarmál. Seinni hluti**
00.00 **Fréttir**
00.05 **Næturútlit Rásar 1**

Stöð 2 Bíó

- 10.40 **Britt-Marie Was Here**
12.15 **Uncle Drew**
13.55 **Music of Silence**
15.50 **Britt-Marie Was Here**
17.25 **Uncle Drew**
19.05 **Music of Silence**
21.00 **Atonement** Störgóð kvikmynd frá 2007 með Kieru Knightley og James McAvoy ásamt fleiri stórleikurum.
23.00 **Braven**
00.30 **The Nun**
02.05 **Atonement**

Stöð 2

- 08.00 **Heimsókn**
08.15 **The Mentalist**
09.05 **Bold and the Beautiful**
09.25 **The Good Doctor**
10.05 **Logi í beinni**
11.00 **NCIS**
11.35 **Út um víðan völl**
12.10 **Friends**
12.35 **Nágrannar**
12.55 **The Office**
13.15 **Ísskápastríð**
13.50 **Dagbók Urriða**
14.15 **The Masked Singer**
15.20 **Feðgar á ferð**
15.45 **Veronica Mars**
16.25 **The Masked Singer**
17.35 **Bold and the Beautiful**
18.00 **Nágrannar**
18.26 **Veður**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.45 **Sportpakinn**
18.50 **Einkalíf** Þættir í umsjón Stefans Árna Pálssonar en í þeim er rætt við Íslendinga sem eru að skara fram úr á sínu sviði.
19.25 **Saved by the Bell**
19.50 **Shrill**
20.20 **Manifest**
21.05 **Patrekur Jamie. Æði**
21.30 **The Girlfriend Experience**
22.00 **The Wire**
23.00 **Coroner** Leyndardómsfullir sakamálaþættir frá 2019 sem byggðir eru á vinsælum bókaflökki.
23.45 **LA's Finest**
00.30 **Blinded**
01.15 **The Mentalist**
01.55 **The Good Doctor**
02.35 **NCIS**
03.15 **The Masked Singer** Sprengihlægileg og öðruvísi söngvakeppni þar sem grímuklæddir frægir einstaklingar keppa sín á milli. Tólf keppendur klæða sig upp í kostulega búninga til að fela hverjir þeir eru.
04.20 **Friends**

Stöð 2 Sport

- 08.35 **Pepsi Max Stúkan**
09.05 **Þór/KA - ÍBV** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
10.40 **Pepsi Max Mörkin**
11.35 **ÍR - Tindastóll** Útsending frá leik í Dominos-deild karla.
12.55 **Njarðvík - KR**
14.25 **Keflavík - Víkingur R.** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
16.05 **Stjarnan - Valur** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
17.50 **Tindastóll - Fylkir** Bein útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
19.55 **Keflavík - Stjarnan** Bein útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
22.00 **ÍA - Valur** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
23.40 **Breiðablik - Valur** Útsending frá leik í Mjólkrubikar kvenna.

Stöð 2 Sport 2


- 07.45 **Derby - Nottingham Forest**
09.30 **Los Angeles Rams - Seattle Seahawks**
11.50 **Buffalo Bills - Indianapolis Colts**
14.25 **Bournemouth - Watford**
16.05 **Dinamo - Tottenham**
18.20 **Dortmund - Lazio**
19.55 **Ítalía - Wales**
21.35 **Svíss - Tyrkland**
23.15 **Úkraína - Austurríki**
01.00 **Milwaukee Bucks - Phoenix Suns** Bein útsending.



**ÞRIÐJUDAGS
TILBOÐ
SPAÐANS!**

**16” Pizza
af matseðli
1.600**

16” Pizzurnar okkar eru stórar og duga fyrir 3 fullorðna



SPAÐINN

Fjarðargata 11

Dalvegur 32b



Afruglarinn

Myndlyklar og afruglarar hljóta að hafna á sömu endastöð og myndbandstækin. Það er að verða svoltið gamalt trix að þurfa að leigja sérstök tæki og töl til þess að hafa aðgang að sjónvarpsefni þannig að eftir nokkur ár mun skrýtnum snúrum snarfækka á hverju heimili.



Línuleg dagskrá

Er einna líklegust til þess að geta haft taumhald á nútímatrununni. Henni hafa verið sýnd ófá banatilræði á síðustu árum en hún úreltist varla fyrir en síðasti áskrifandi Morgunblaðsins endar á minningargreina-síðum þess. Lífdagar línulögunarinnar lifa á fram-lengingu íþróttaviðburða sem verða alltaf línulaga auk þess sem krafa fólks um að fá fréttirnar sínar á sínum fasta tíma (þótt þær séu í raun endursýning af vefmiðlum) er ótrúlega rótgróin. Síðan verða sjálfsgagt alltaf til ríkismiðlar, rótfastir í 20. öldinni og bólusettir fyrir öllum tækninýjungum, svo lengi sem ríkiskassarnir tæmast ekki.



Tölvumúsinn

Hlýtur að enda í gleraugum þar sem augnatillit tekur við af hinum óstöðuga og villuráfandi bendli. Tölvumúsinn réttlætir helst tilveru sína í tölvuleikjum en hlýtur að verða úthýst af skrifborðum og skrifstofum eftir nokkur ár.

Ómissandi hlutir á öskuhaugum sögunnar

Í náinni fortíð þótti sjálf-sagt mál að skreppa í banka til þess að sinna fjármálum, millifæra og telja smámynt. Þá var líka hlustað á vasa-diskó og horft á vídeóspólur sem safna nú ryki á ösku-haugum sögunnar þar sem áður ómissandi hlutir hrannast nú upp sem aldrei fyrr.

benediktboas@frettabladid.is
toti@frettabladid.is

Þeim fer fækkandi sem eiga daufar minningar um að hafa tekið ljós-myndir með þar til gerðum vélum á filmur sem síðan þurfti að fara með í framköllun. Þetta fólk getur einnig státað sig af því að kunna á skífusíma og að hafa átt mikilvæg símtöl í svokölluðum heimasíma sem var landlínutengdur.

Þessi þarfapung fortíðarinnar eru nú í frjálsum falli í gleyskunnar dá ásamt myndböndum, gjaldkera-



Þessi þarfapung fortíðarinnar eru nú í frjálsum falli í gleyskunnar dá ásamt myndböndum, gjaldkerastimplum og kassettum.

stimplum og kassettum. Úrelting áður nauðsynlegra hluta hefur aldrei verið jafn hröð og meira að segja einkaverslun ríkisins með áfengi, ÁTVR, virðist vera á sömu leið ásamt eftirtöldum hlutum sem eru komnir á valista. ■




Peningaseðlar

Covid gerði endanlega út af við peningaseðilinn. Hver vill taka við notuðum seðli í dag? Ekki þú. Einungis svarta hagkerfið þarf á sínum seðlum að halda og þar sem það er hvergi á förum hlýtur það að neyðast til þess að uppfæra sig í stafrænar lausnir.



Bókin

Vissulega er varasamt að spá bókinni dauða þar sem hún hefur staðið allar árásir og ógnir af sér hingað til og heldur enn velli. Þeim sem hafa prófað lesbretti og hljóðbækur fjölgar hins vegar stöðugt og að sama skapi fækkar þeim sem nenna að fletta gamaldags bókum.



Snúrur

Snúrur hvers konar eru óþolandi drasl og rétttræpar hvar sem í þær næst fyrir allar sínar flækjur, rebbi-hnúta og slys í heimahúsum. Sameiginlegt takmark gervalls uppfinningamannkyns hlýtur að vera að fækka þeim. Enda eru allir að reyna fela þær hvort sem er. Ljótur, leiðinlegur og það bara hlýtur að koma allsherjar þráðlaus lausn innan tíðar.



Heimasíminn

Þetta byltingarkennda samskiptatól er í raun þegar útdautt og sennilega einfaldasta mál í heimi að aka því lóðbeint á ruslahaug sögunnar þar sem heimasíminn lifir hvergi nema ef til vill í furðusögum fyrir börn og barnabörn um að símanúmerið hafi verið ein stutt og tvær langar. Eða að það hafi verið tækni-bylting þegar öll símanúmer urðu sjö stafir og takkar tóku við af skifunni.



Beinskiptir bílar

Gamla góða kúplingin er krúttkynslóðinni í raun þegar ofviða og hlýtur að víkja á næstunni, jafnvel á undan bensinbílnum sem þó er við það að bræða úr sér og umhverfinu. Hver kaupir sér beinskiptan bíl eftir tíu ár? Það verður ekkert eðlilega fyndið að segja litlum gróllurum frá því að einu sinni hafi verið til bílar með þremur pedólum, svokallaðir beinskiptir. Er ekki tími til kominn að tengja?

Myndlistarsjóður

Umsóknarfrestur í myndlistarsjóð rennur út 23. ágúst

Veittir verða styrkir allt að 3.000.000 kr.

- ✦ Undirbúningsstyrkir
- ✦ Styrkir til sýningaverkefna
- ✦ Útgáfu-, rannsóknastyrkir og aðrir styrkir

Umsóknarfrestur er til kl. 16:00 þann 23. ágúst 2021

Upplýsingar um myndlistarsjóð, umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og leiðbeiningar má finna á vefsíðu myndlistarsjóðs, myndlistarsjodur.is

Úthlutað verður í september-mánuði. Um er að ræða seinni úthlutun úr sjóðnum árið 2021.



Bankastarfsmaðurinn

Hinn hefðbundni bankastarfsmaður er að deyja út. Bankarnir hafa núorðið takmarkaðan áhuga á að fá fólk inn á gafi með einfaldar fyrirspurnir. Nokkrum útibúum er þó haldið gangandi fyrir þau sem þvermóast við að læra á heimabanka og skilja ekki öpp, stafræn smáforrit sem eru ígildi bankaútibúa í snjalltækjum. Eftir að þetta fólk hverfur yfir móðuna miklu eiga litlu börnin eftir að hlæja að því að einu sinni hafi verið til fólk sem starfaði í bönkum við að aðstoða fólk.

SUMARSTUÐ

ORMSSON



TEAC

TN-180 plötuspilarar
Verð m. afslætti kr.27.120,-
Bluetooth



Klipsch

HERITAGE GROOVE hátalari
Verð m. afslætti kr.20.720,-



BANG & OLUFSEN
hljómtæki

Beosound A1 2nd Gen
Verð 44.900 kr



LEVENHUK
sjónaukar & smásjár



NINTENDO
SWITCH

KÍKTU Á ÚRVALIÐ

ORMSSON.IS



brabantia
rusla- & flokkunarfötur



SAMSUNG QLED Q95T 65"
Verð m. afslætti kr.349.900,-



NÝTT frá Samsung
SAMSUNG
Galaxy Book Pro fartölva



SANGEAN
WR-7 útvarp, til í 6 litum



ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Lokað um helgar

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðuðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS



*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TEKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300

Óttar krefst aðgerða vegna morðsins á Snorra Sturlusyni

Óttar Guðmundsson geðlæknir fer fyrir Þingvallagöngu þar sem hann mun geðgreina Snorra Sturluson, rekja Þingævintýri hans úr Sturlungu og ítreka kröfu sína um að stjórnmalasambandi við Noreg verði slitið þar til Norðmenn gangist við og biðjist afsökunar á morðinu á Snorra 1241.

toti@frettabladid.is

„Við byrjum hjá Hakinu klukkan átta og göngum niður að kirkjunni,“ segir Óttar Guðmundsson geðlæknir um Þingvallagönguna sem hann leiðir á fimmtudagskvöld á meðan hann ræðir meðal annars tengingar Snorra Sturlusonar við Þingstaðinn forna.

„Efnið er Snorri Sturluson, ævi hans og hvernig hann tengist Þingvöllum. Það eru nokkrar sögur úr Sturlungu þar sem Snorri er á Þingvöllum og lendir þar í ýmsum ævintýrum og ég segi frá því,“ segir Óttar sem mun að einhverju leyti styðjast við bók sína Sturlunga geðlæknisins. Ekki síst við upphaf göngunnar þar sem hann rýnir í persónuleika skáldsins.

„Við Hakið mun ég tala um og geðgreina Snorra og ræða hvaða greiningar henti honum og hans fjölskyldu best. Ég fer ansi mikið í fjölskyldumálin og afdrif barnanna hans, eiginkvenna og ástkvenna. Þannig að þetta fer svona um víðan völl,“ segir Óttar sem gerir ráð fyrir að gangan taki um það bil eina og hálfu klukkustund.

Frá Hakinu er stefnan tekin niður Almannagjá og að Lögbergi þar sem Óttar fer yfir tengingar Snorra við Þingvelli. „Og við kirkjuna ræði ég um hörmuleg endalok skáldsins. Þetta er nú náfrændi minn svo mér er málið skylt.“

Sturlunguþráhyggjan
Sturlungar hafa lengi verið Óttari ofarlega í huga og koma meðal annars ítreka-



Krafan er að segja upp öllu stjórnmalasambandi við Noreg, reka sendiherrann heim og skila aftur forljótri styttni af Snorra.

að við sögu í Bakþönkum hans í Fréttablaðinu. Svo mjög reyndar að spyrja má hvort Sturlunga sé orðin að einhvers konar þráhyggju hjá honum.

„Þetta er náttúrulega orðið að ákveðinni þráhyggju en maður verður náttúrulega að halda frændum sínum á lofti,“ segir Óttar og bendir á að sá síður sé mjög til heilla.

„Þetta er fyrst og fremst um Snorra Sturluson og Snorra og Alþingi og síðan rek ég svona sögu Snorra og enda síðan með þessi hörmulega andláti Snorra þegar Noregskonungur lætur drepa hann 1241,“ segir Óttar sem ætlar að nota tækifærið til þess að ítreka kröfu sína um að drápið á Snorra verði gert upp við Norðmenn.

Opinberar hefndaraðgerðir

„Ég mun víðra þessa kröfu mína að Íslendingar sliti öllu stjórnmalasambandi við Noreg þangað til að Norðmenn hafi opinberlega beðist afsökunar á þessum gjörningi.“

Krafan er að segja upp öllu stjórnmalasambandi við Noreg, reka sendiherrann heim og

Óttar telur réttast að skila forljótri styttni af Snorra til Noregs.

skila aftur forljótri styttni af Snorra sem Norðmenn gáfu Íslendingum í háðungarskyni og stendur í Reykholti.

Ég er búinn að halda þessu á lofti nokkuð lengi en það hefur enginn hlustað á þetta. Það hefur ekki verið neinn hljómgrunnur fyrir því að slíta öllu stjórnmalasambandi og öllum samskiptum við Noreg þangað til þeir biðjast opinberlega afsökunar á morðinu á Snorra Sturlusyni.“

Skemmtilegar göngur

Þingvallagöngurnar eru farnar reglulega á fimmtudagskvöldum og segja má að fyrir þremur vikum hafi Óttar og Guðni Ágústsson gefið ákveðið fordæmi fyrir því að hlutur þekktra einstaklinga sé réttur í leiðinni þegar Jónas frá Hriflu fékk uppreist æru í meðförum þeirra.

„Við Guðni Ágústsson vorum þarna fyrir þremur vikum og vorum að tala um Jónas frá Hriflu og fórum um hann mjög fögrum orðum, sem er dálítið merkilegt,“ segir Óttar og bætir við að Þingvallagöngurnar séu almennt mjög skemmtilegar en þar nálgist þeir sem leiði gönguna viðfangsefnið út frá sjálfum sér og sínum áhugamálum.

„Þetta var mjög vel sótt hjá okkur Guðna og núna verða með mér í för tvær söngkonur. Signý Sæmundsdóttir og Jóhanna Þórhallsdóttir, konan mín, og þær munu stjórna fjöldasöng. Þannig að þetta verður mjög þjóðlegt og allt í anda Snorra Sturlusonar.“

Engin veðurgeðlægd

Þegar talið berst að veðrinu, sem hefur einna helst legið nokkuð þungt á fólki sunnanlands, er Óttar pollrólegur og bjartsýnn. „Veður er bara veður. Ég heiti á Þorlák helga að verðrið verði gott. Það þykir mjög gott að heita á hann því hann lastaði aldrei veðrið,“ segir geðlæknirinn sem hefur ekki þurft að hjálpa fólki í veðurgeðlægd þad sem af er sumri.

„Ekki ennþá en það getur verið að það komi að því,“ segir Óttar og hlær. Þetta tilheyrir bara þessu íslenska sumri. Það er mismunandi og ég læt þetta lítið á mig fá. Það hlýtur nú að lagast og það hlýtur að fara að birta til. Við treystum því að Þorlákur helgi breyti veðrinu.“ ■



Óttar Guðmundsson ásamt Norðmanninum Leifi Eirikssyni sem verður viðs-fjarri góðu gamni í Þingvallagöngunni á fimmtudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Óttar, Guðrún Eggertsdóttir, barnabarn Jónasar frá Hriflu, og Guðni Ágústsson á Þingvöllum þar sem fögrum orðum var farið um Jónas. MYND/ADSEND

ÆVINTÝRALEGUR HEIMUR



AÐEINS

3.990 kr./mán



stod2.is



Sólar sprettur

24 TÍMAR AF ÓDÝRUM VERÐUM

Tenerife



OHASIS APARTMENTS

Brottför 21. júlí - 7 nætur
Íbúð með 1 svefnherbergi

64.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn

Tenerife



CORAL COMPOSTELA

Brottför 21. júlí - 9 nætur
Íbúð með 1 svefnherbergi

79.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn

Albúir



ALBIR PLAYA HOTEL

Brottför 22. júlí - 7 nætur
Tvíbýli með morgunverði

69.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn

Krít



ADONIS APARTMENTS

Brottför 23. júlí - 11 nætur
Íbúð með 2 svefnherbergi

99.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn

Costa del Sol



4* SÓLARLOTTÓ

Brottför 27. júlí - 10 nætur
Stúdíó í Sólarlottó

78.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn

Benidorm



GRAN HOTEL BALI

Brottför 22. júlí - 7 nætur
Tvíbýli með morgunverði

79.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn

FlugPlus!

Keflavík - Tenerife,
aðra leið

21. júlí
Verð frá **19.000 kr.**

Tenerife - Keflavík,
aðra leið

21. júlí
Verð frá **19.000 kr.**

Keflavík - Tenerife,
báðar leiðir

21. - 30. júlí
Verð frá **39.000 kr.**

Keflavík - Alicante,
báðar leiðir

22. - 29. júlí
Verð frá **39.000 kr.**

Keflavík - Alicante,
Aðra leið

22. júlí
Verð frá **19.000 kr.**

Alicante - Keflavík,
Aðra leið

22. júlí
Verð frá **19.000 kr.**

Krít - Keflavík,
aðra leið

23. júlí
Verð frá **39.000 kr.**

Keflavík - Krít,
báðar leiðir

23. júlí - 03. ágúst
Verð frá **49.000 kr.**

Alicante - Keflavík,
aðra leið

29. júlí
Verð frá **29.000 kr.**

Keflavík - Malaga,
aðra leið

27. júlí
Verð frá **19.000 kr.**

Malaga - Keflavík,
aðra leið

27. júlí
Verð frá **19.000 kr.**

Keflavík - Malaga,
báðar leiðir

27. júlí - 06. ágúst
Verð frá **39.000 kr.**

550 5000

RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGAÐEILD
auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN
Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Hauks Arnar
Birgissonar



Biðin á enda

Til stóð að ég myndi ferðast heil ósköp til útlanda síðustu tvö ár. Úr því varð ekki. Flensan skemmdi plönin og hef ég meira og minna haldið mig heima við. Útilegur leystu útlönd af hólmi.

Ég þoli ekki útilegur. Þær eru eitthvert hræðilegasta form afþreyingar sem ég veit um. Óskiljanlegar. Þegar ekki rignir, neyðist maður til að sitja á taustól klæddur dúnúlp, húfu og vettlingum, með teppi utan um axlirnar þar sem maður berst við að halda kvöldmatnum kyrrum í vindinum. Í logni laumar maður matarbita eða vínglasi úr plasti undir netið sem hylur andlitið svo nýjasti landneminn, lúsmýið, éti ekki úr manni augun. Eftir að hafa vaskað upp plast-diska við innganginn á stífluðu karlklósettinu sofna maður hríð-skjálfandi í fjögurra gráðu kulda, einungis til að vakna nokkrum tímum síðar í 40 gráðu heitu tjaldi, kófsveittur og hlandsprunginn. Þvílíkur lúxus.

Lengi hafði ég beðið fyrstu utanlandsferðarinnar. Til hvaða hitabeltisparadísar skyldu vegir mínir liggja, hugsaði ég með mér í allan vetur. Þótt Norður-Írland hafi ekki beinlínis ofsótt drauma mína þá endaði ég þar. Enginn ferða-bæklingsáfangastaður en samt skrambi gott. Eftir eilífa Íslands-dvöl í núll til tíu gráðum, var þetta eins og að koma til Karíbahafsins. Átján stiga hitinn ögradi líkamanum og á augabragði urðu ljósbláar skyrtur dökkbláar. Þar sem ekki gafst tími til að sauma skyrtu úr dömubindum þurfti ég að þola niðurlægunguna sem fylgdi því að sitja kófsveittur fund eftir fund. En mikið var gott að sleppa við útileguna. ■

★ GERÐ GÆÐA & VERÐSAMANBURÐ ★

HÖFUM ÞAÐ GOTT HEIMA í sumar

HEIMA ER BEST

STILLANLEG HJÓNARÚM

MEÐ BODYPRINT DÝNU - EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI

Verð frá kr. 439.900.-

VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR

BODYPRINT **Reverie**
Sleep well tonight. Live better tomorrow.™

Verð birt með fyrirvara um innsáttarvillur og/eda breytingar.



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

OUTLET

GERÐU FRÁBÆR KAUP

Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.



Svefn & heilsa



MIKIÐ ÚRVAL Í STÆRRI GERÐUM

FLEIRI STÆRDIR, OG GERÐIR Í BOÐI

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu



LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233

BALDURSNESSI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is



UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.